

Febrúar 1998

SVÆÐISBUNDIN BYGGÐAÁÆTLUN

**VESTUR-
HÚNAVATNSSÝSLA**



Byggðastofnun

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	4
2 SVÆDISLÝSING OG NÁTTÚRUAUÐLINDIR	5
2.1 SVÆDISLÝSING.....	5
2.2 NÁTTÚRUAUÐLINDIR	7
2.3 FRAMTÍÐARMÖGULEIKAR Í NÝTINGU NÁTTÚRUAUÐLINDA	10
3 MANNFJÖLDI OG ATVINNULÍF	11
3.1 ÍBÚAFJÖLDI.....	11
3.2 VINNUMARKAÐUR.....	13
3.3 ATVINNUÞRÓUNARFÉLÖG.....	15
4 LANDBÚNAÐUR	17
4.1 Inngangur.....	17
4.2 SAUÐFJÁRRÆKT	18
4.3 MJÓLKURFRAMLEIÐSLA	19
4.4 HROSSARÆKT.....	19
4.5 AÐRAR BÚGREINAR OG HLUNNINDI.....	21
4.6 SAMEIGINLEGIR HAGSMUNIR	22
4.7 FRAMTÍÐARMÖGULEIKAR Í LANDBÚNAÐI	23
5 SJÁVARÚTVEGUR	25
5.1 INNGANGUR.....	25
5.2 HVAMMSTANGAHÖFN.....	25
5.3 FISKVEIÐAR OG VINNSLA.....	25
5.4 SMÁBÁTAÚTGERÐ.....	27
5.5 FRAMTÍÐARMÖGULEIKAR.....	28
6 IÐNAÐUR	29
6.1 INNGANGUR.....	29
6.2 IÐNAÐARFRAMLEIÐSLA	29
6.3 FRAMTÍÐARMÖGULEIKAR.....	32
7 EINKAREKIN ÞJÓNUSTA	33
7.1 INNGANGUR.....	33
7.2 GÆÐI ÞJÓNUSTUNNAR	37
7.3 FRAMTÍÐARMÖGULEIKAR.....	38
8 FERÐAÞJÓNUSTA	39
8.1 INNGANGUR.....	39
8.2 GISTING	40
8.3 VEITINGASALA.....	42
8.4 Afþreying	42
8.5 ÖNNUR FERÐAÞJÓNUSTA.....	45
8.6 SAMGÖNGUR OG FERÐAÞJÓNUSTA	46
8.7 STEFNA Í FERÐAÞJÓNUSTU.....	46
8.8 FRAMTÍÐARMÖGULEIKAR.....	47
9 OPINBER ÞJÓNUSTA	49
9.1 SKÓLAMÁL.....	50
9.2 FÉLAGSLEG ÞJÓNUSTA.....	52
9.3 LÖGGÆSLA OG BRUNAVARNIR	53
9.4 HEILBRIGÐISMÁL.....	54
9.5 ÝMIS ÞJÓNUSTA.....	56
10 UMHVERFISMÁL	58
10.1 SORPHREINSUN	58
10.2 FRÁRENNSLISMÁL.....	58
10.3 AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGA.....	59
10.4 BEITARPOL.....	59
10.5 NÁTTÚRUVÆTTI	59
10.6 LANDGRÆÐSLA	60
10.7 SKÓGRÆKT	60
10.8 FRAMTÍÐARÁFORM	60
11 SAMGÖNGUR OG FJARSKIPTI	62
11.1 FLUGSAMGÖNGUR	62
11.2 HAFNIR	62
11.3 VEGASAMGÖNGUR	62

11.4 ALMENNINGSSAMGÖNGUR.....	63
11.5 FJARSKIPTI.....	63
11.6 FRAMTÍÐARSÝN.....	63

12 STEFNUMÖRKUN OG ÁÆTLANIR **65**

12.1 MANNFJÖLDI OG ATVINNULÍF.....	65
12.2 LANDBÚNAÐUR.....	65
12.3 SJÁVARÚTVEGUR.....	66
12.4 IÐNAÐUR.....	67
12.5 EINKAREKIN ÞJÓNUSTA.....	67
12.6 FERÐAÞJÓNUSTA.....	67
12.7 OPINBER ÞJÓNUSTA.....	68
12.8 UMHVERFISMÁL.....	69
12.9 SAMGÖNGUR.....	69

Listi yfir töflur

Tafla 1 Íbúafjöldi.....	11
Tafla 2 Þróun ársverka í einstökum atvinnugreinum.....	13
Tafla 3 Ársverk eftir atvinnuvegum 1994.....	14
Tafla 4 Ársverk og tekjur eftir atvinnuvegum 1994.....	14
Tafla 5 Skipting kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga.....	49

Listi yfir myndir

Mynd 1 Vestur-Húnavatnssýsla.....	6
Mynd 2 Gróðurmynd af Íslandi.....	7
Mynd 3 Rofsvæði í Vestur-Húnavatnssýslu.....	8
Mynd 4 Þróun íbúafjölda í Vestur-Húnavatnssýslu.....	11
Mynd 5 Nettóflutningar fólks í Vestur-Húnavatnssýslu.....	12
Mynd 6 Aldursskipting 1/1 1996.....	12
Mynd 7 Hlutfallsleg skipting ársverka á atvinnugreinum í Vestur-Húnavatnssýslu.....	13
Mynd 8 Skráð atvinnuleysi í Vestur-Húnavatnssýslu 1990-1995.....	15
Mynd 9 Mánaðarlegt atvinnuleysi í Vestur-Húnavatnssýslu.....	15
Mynd 10 Ársverk í landbúnaði í Vestur-Húnavatnssýslu 1983-1993xx.....	17
Mynd 11 Framleiðsluréttur og raunframleiðsla á kindakjöti í V-Hún.....	18
Mynd 12 Mjólkurframleiðsla og mjólkurframleiðsluréttur í V-Hún.....	19
Mynd 13 Hrossakjötsframleiðsla í V-Hún.....	20
Mynd 14 Framleiðsla á nautakjöti í V-Hún.....	20
Mynd 15 Svínakjötsframleiðsla í V-Hún.....	21
Mynd 16 Rækjuafli úr Húnaflóa.....	26
Mynd 17 Hörpudiskur, afli úr Húnaflóa.....	26
Mynd 18 Hvammstangi: Bolfiskaflamark 1985-1993/94.....	27

1 INNGANGUR

Skýrsla þessi er unnin á tímabilinu 1995-1996 og greinir frá byggðaðróun og stöðu atvinnulífs í Vestur-Húnavatnssýslu. Skýrsluna unnu Jón Magnússon forstöðumaður Byggðastofnunar á Sauðárkróki og Sigríður Gróa Þórarinsdóttir framkvæmdastjóri Hagfélagsins á Hvammstanga.

Síðari hluta árs 1995 voru haldnir fundir með öllum sveitarstjórnnum í Vestur-Húnavatnssýslu og mörkuðu þeir fundir upphaf þessarar skýrslu. Þar komu fram óskir og skoðanir heimamanna á hinum ýmsu málaflokkum sem fjallað er um í skýrslunni. Héraðsnefnd Vestur-Húnavetninga var einnig höfð með í ráðum og var reynt eftir fremsta megni að kynna nefndinni framvindu skýrslugerðarinnar.

Unnið var úr miklu magni upplýsinga sem fengust hjá sveitarstjórnarmönnum, forstöðumönnum stofnana og fyrirtækja í héraðinu, einstaklingum og stofnunum og ráðuneytum í Reykjavík. Eiga allir þessir aðilar bestu þakkir skyldar fyrir þeirra liðveislu við skýrslugerðina.

2 SVÆÐISLÝSING OG NÁTTÚRUAUÐLINDIR

2.1 SVÆÐISLÝSING

Vestur-Húnavatnssýsla, sem er vestasti hluti Norðurlands, afmarkast af Hrútafirði og Hrútafjarðará að vestan, Stórasandi og Gljúfurá að austan og vatnaskilum á Arnarvatnsheiði og Tvídæguru að sunnan. Héraðið liggur inn af Húnaflóa og ganga þrjár firðir inn úr honum, Hrútafjörður vestast, þá Miðfjörður og Húnaafjörður austast. Milli Hrútafjarðar og Miðfjarðar er Heggstaðanes, en Vatnsnes milli Miðfjarðar og Húnaafjarðar. Sýslan er um 2.580 ferkílómetrar að stærð.


Strönd Vestur-Húnavatnssýslu er lágland fyrir utan Vatnsnesið, sem er hálent svæði. Hæstu fjöll og fell eru Þrælsfell í Vatnsnesfjalli (906 m) og Krossadalskúla í Víðidalsfjalli (971 m). Berggrunnur sýslunnar er að mestu basalt. Í Vatnsnesfjalli og Víðidalsfjalli hafa verið virkar megineldstöðvar á tertíertíma og þar finnst líparít og ummyndað berg. Þar er bergið víða nálægt 6-8 miljón ára gamalt. Landið er allt mjög mótað af jökulum og jökulruðningum ísaldar. Suðvesturhluti héraðsins einkennist af grunnum, grösugum dölum aðskildum af lágum, algrónum hálsum, vötnóttum og víða hólóttum, sýnilega fornum jöklamyndunum. Heiða- og afréttarlönd Vestur-Húnavatnssýslu eru mjög víðlend. Þetta eru hallalitlar hásléttur, votlendur, grösugar og vötnum stráðar.

Vestur-Húnavatnssýsla er með gróðursælustu svæðum landsins. Grösugar engjar og vel gróin heiðalönd skiptast í mýrar, flóa og mosavaxnar heiðar. Enginn er skógurinn þó að skógrækt sé stunduð í smáum stíl á afmörkuðum svæðum. Örnefni og gamlar heimildir ýmsar benda þó til skóga á fyrri öldum. Vestur-Húnavatnssýsla er mikið vatnasvæði og er óvíða að finna jafnmörg vötn og ár á ekki stærra svæði.

Fugla- og dýralíf er með svipuðum hætti í sýslunni og víðast annars staðar á Íslandi. Villt spendýr eru: refir, minkar, mýs og rottur á landi og selir og hvalir í sjó. Fuglategundir eru einnig hinar sömu og annars staðar á landinu, þar sem líkt háttar með landshætti og gróðurfar. Mó- og sundfuglar eru algengir auk sjófugla.

Vestur-Húnavatnssýsla liggur að stórum hluta opin fyrir Norður-Íshafi og mótast veðurfar hennar að nokkru af þeim straumum sem ráða hverju sinni á því hafsvæði. Norðanátt ber svalt loft inn yfir landið og vestanáttir færa hafistunguna grænlenku upp að Vestfjörðum og fyrir Horn. Getur þá ís borist fyrir mynni Húnaflóa og ef straumar og vindátt eru óhagstæðir getur ís borist inn á firðina. Sunnan og suðvestan úrkoma nær alloft til sýslunnar. Í heild má segja að aðaleinkenni veðurfars í Vestur-Húnavatnssýslu sé svalt og frekar þurrt loftslag, vorkalt og síðgróið en oftast viðunandi sumartíð. Héraðið er yfirleitt frekar snjólétt.

Mynd 1 Vestur-Húnavatnssýsla



Í Vestur-Húnavatnssýslu eru 7 sveitarfélög, Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur. Í sýslunni eru tveir þéttbýlisstaðir; Hvammstangi og Laugarbakki. Einnig hafa myndast byggðakjarnar við ýmsa þjónustustaði í dreifbýli, Staðarskála og Reykjaskóla í Staðarhreppi, Þorfinnsstaði í Þverárhreppi og við Víðihlíð í Þorkelshólshreppi. Sveitarfélögin eru nokkuð mismunandi að stærð. Hvammstangahreppur er langfjöldmennastur með 641 íbúa. Fámennastur er hins vegar Fremri-Torfustaðahreppur með 62 íbúa. Laugarbakki myndar ekki sérstakt sveitarfélag, heldur er hann ásamt sveitinni í kring, hluti af Ytri-Torfustaðahreppi.

Skipting í Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur er ekki ýkja gömul. Það var árið 1907 að Húnaþingi var skipt upp á þennan hátt. Húnavatnssýslurnar eru þó eitt lögsagnarumdæmi.

2.2 NÁTTÚRUAUÐLINDIR


2.2.1 Gróður

Helstu náttúruauðlind svæðisins telja flestir vera gróðurlendi þess. Samkvæmt rannsóknnum á vegum Ólafs Arnalds frá RALA er Vestur-Húnavatnssýsla best gróna svæði landsins, uppblásturshætta lítil og afréttir grösugir. Afréttir sýslunnar meðal fárra þar sem enn er leyfður upprekstur hrossa.

Vestur-Húnavatnssýsla er 2.580 ferkílómetrar að flatarmáli. Gróið land er 1.838 ferkílómetrar eða 71%. Til samanburðar má þess geta að gróið land telst aðeins um 28% af heildarflatarmáli í Austur-Húnavatnssýslu. Gróður í Vestur-Húnavatnssýslu einkennist af vallendi meðfram ám en annars aðallega af mýrlendi og kvistlendi en skógar eru engir.

Á mynd 2 má sjá kort, sem er unnið úr gervitunglamyndum, og sýnir gróður á öllu landinu. Miðað við mörg önnur svæði er ástand gróðurs allgott í Vestur-Húnavatnssýslu. Myndin sýnir einnig að einungis Suðurlandsundirlendið er með sambærilega stórt samfellt gróðursvæði og Vestur-Húnavatnssýsla ásamt Bæjarhreppi í Standasýslu.

Mynd 2 Gróðurmynd af Íslandi



Hið ágæta ástand gróðurs á svæðinu er einnig hægt að sjá af korti yfir jarðvegseyðingu í Vestur-Húnavatnssýslu, sem jarðvegsnefnd RALA hefur látið gera. Þar kemur fram að rof í jarðvegi er almennt tiltölulega lítið á svæðinu.

Einungis sandarnir fyrir norðan Hóp teljast með hæstu rofeinkunn, en þar fyrir utan eru aðeins einstök lítil svæði rofin.

Afréttarlönd eru í góðu ástandi og er þetta svæði eitt af fáum landsvæðum þar sem leyfilegt er að reka hross á flestar afréttir. Það eru sett tímamörk á upprekstur á heiðar, en heildarfjölda eru engin takmörk sett.

Landsvæðið þykir af gróðurfarslegum og veðurfarslegum ástæðum ekki hentugt til kornræktar eða annarrar akuryrkju.

Mynd 3 Rofsvæði í Vestur-Húnavatnssýslu



2.2.2 Veiðiár

Laxveiðiárnar þrjár, Hrútafjarðará/Síká, Miðfjarðará og Víðidalsá/Fitjá gefa verulega fjármuni inn á svæðið. Hrútafjarðará/Síká og Víðidalsá/Fitjá er leigðar aðilum utan svæðisins meðan heimamenn sjá sjálfir um sölu veiðileyfa í Miðfjarðará.

2.2.3 Veiðivötn

Í Vestur-Húnavatnssýslu er urmull vatna, sem flest teljast góð veiðivötn. Veiðimöguleikar flestra þeirra hafa þó verið vannýttir. Helst er að vötnin á Arnarvatnsheiði, þá sérstaklega Arnarvatn stóra, hafi verið nokkuð nýtt auk vatnanna í Vesturhópi og nokkurra vatna í Miðfirði. Nýting þessara vatna er með sölu stangveiðileyfa í þau. Auk þess hefur Dísín sf. stundað grisjunarveiðar á Arnarvatn stóra og selt afurðirnar bæði á innlandan og erlendan markað.

2.2.4 Jarðhiti

Jarðhiti er á nokkrum stöðum í sýslunni en nánar er fjallað um nýtingu þess í kafla 9.5.4.

2.2.5 Títanmálmur

Títanmálmur er mjög hitaþolin málmtegund, sem finnst í nokkrum magni í norðanverðum Víðidal og í Víðdalsfjalli. Málmurinn er mest notaður til framleiðslu á títanhvítu, sem er litarefni í málningu, pappír, plasti o.fl. Árið 1977-78 gerði Iðnþróunarstofnun Íslands og Jarðkönnunardeild Orkustofnunar könnun á magni og útbreiðslu málmisins og komist að því að málmurinn þar er með meira magni sem fundist hefur hér á landi. Ekki þóttu þá forsendur fyrir því að hægt væri að vinna títansteindir úr íslensku jarðefni en skynsamlegt þótti að halda könnunum áfram. Áhugi á þessu máli hefur vaknað öðru hverju síðan en það hefur ekki verið skoðað til hlítar.

2.2.6 Kísilgúr og surtarbrandslög

Kísilgúr er að finna á heiðinni upp úr Vesturárdal og á afréttum Staðhreppinga. Kísilgúrlögin voru könnuð fyrir Iðnaðarráðneytið í byrjun áttunda áratugarins og samkvæmt álitni Jóns Jónssonar jarðfræðings er kísilgúrin tæplega nýtanlegur. Hann er í tiltölulega litlu magni og dýrt yrði að vinna hann, þar sem brjóta þarf hann út á milli grágrýtislaga. Að auki liggur kísilgúrin langt úr alfaraleið og mjög dýrt yrði að leggja veg að svæðinu.

Einhver surtarbrandur finnst einnig í smáum stofnum í sama lagi og kísilgúrin. Surtarbrandurinn er þó af sama jarðfræðingi einnig talinn í of litlu magni til að vera nýtanlegur.

2.2.7 Aðrar náttúruauðlindir

Um náttúruauðlindir, sem tengjast hlunnindum á bújörðum og sjávarútvegi er fjallað í köflum 4.5. og í kafla 5.

2.3 FRAMTÍÐARMÖGULEIKAR Í NÝTINGU NÁTTÚRUAUÐLINDA

Gróðurlendi svæðisins er af flestum talin helsta náttúruauðlind svæðisins. Nýting þess mun þó alfarið byggjast á framtíðarmöguleikum landbúnaðar í sýslunni og að tryggt verði að fjölgun í hrossaeign héraðsbúa gangi ekki of nærri gróðurlendinu.

Veiðiárnar í sýslunni hafa náð sterkri markaðshlutdeild í sölu laxveiðileyfa. Þar sem sala veiðileyfanna skiptir miklu máli fyrir tekjur fólks víða í dreifbýli er mikilvægt að áfram verði unnið öflugt markaðsstarf á þessum vettvangi.

Veiðivötn Vestur-Húnavatnssýslu eru að mestu lítið nýtt auðlind. Flestum ber saman um að ódýr stangveiði, sem silungsveiðin er, eigi mikla framtíðarmöguleika fyrir sér. Markhópurinn er þó farinn að gera auknar kröfur um aðstöðu við vötn og auðvelda aðkomu að þeim. Tryggja verður uppbyggingu, sem samræmist þessum þörfum.

Engir möguleikar á arðbærri nýtingu kísilgúrs eða surtarbrands eru fyrirsjáanlegir á næstu árum. Hins vegar er rétt að vera vakandi fyrir möguleikum á nýtingu títanmálms. Hið sama gildir raunar um hvaðeina sem gæti stuðlað að aukinni atvinnu og tekjum í héraðinu.

3 MANNFJÖLDI OG ATVINNULÍF


3.1 ÍBÚAFJÖLDI

Hinn 1. desember 1997 voru skráðir 1.317 íbúar í Vestur-Húnavatnssýslu. Íbúar Norðurlandskjördæmis vestra voru þá 9.804 þannig að í sýslunni eru 13,4% af íbúum kjördæmisins og 0,5% af landsmönnum. Á síðasta áratug hefur íbúum fækkað töluvert, eins og víðast hvar á landinu þar sem hefðbundinn búskapur er aðalvinnugreinin. Íbúar í Vestur-Húnavatnssýslu voru 1.595 árið 1985. Nokkur fólksfækkun varð á árunum 1985-1989, og síðan aftur 1993-1996.

Tafla 1 Íbúafjöldi

	1971	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	71-96
Staðarhreppur	138	100	106	107	108	102	101	99	100	-39
Fremri-Torfustaðahreppur	102	78	75	72	67	67	65	56	62	-46
Ytri-Torfustaðahreppur	241	216	217	209	220	221	215	222	215	-19
Hvammstangi	366	701	689	692	690	676	691	649	641	283
Kirkjuhvammshreppur	167	109	116	110	114	105	90	88	87	-79
Þverárhreppur	164	106	108	95	101	92	85	79	77	-85
Þorkelshólshreppur	208	163	160	169	154	155	146	145	135	-63
Samtals	1.386	1.473	1.471	1.454	1.454	1.418	1.393	1.338	1.317	-48

Mynd 4 Þróun íbúafjölda í Vestur-Húnavatnssýslu




Sé litið til einstakra sveitarfélaga kemur í ljós, að í öllum sveitahreppum hefur orðið fólksfækkun, en fjölgun íbúa orðið á Hvammstanga.


Þegar litið er á tölur yfir innanlandsflutninga til og frá svæðinu sést berlega að mikið hefur verið um fólksflutninga frá Vestur-Húnavatnssýslu. Á 26 ára tímabili, frá 1971-1997, hafa brottfluttir verið fleiri en aðfluttir í 21 ár. Alls hefur fækkað um 429 vegna búferlaflutninga innanlands á þessu tímabili. Mest varð fækkun vegna búferlaflutninga árið 1997, en þar á undan 1987. Þá

dró úr brottflutningi um tíma en hann jókst síðan aftur, sem verður að teljast töluvert áhyggjuefni. Nær allt tap vegna búferlaflutninga á þeim aldarfjórðungi sem hér er til umfjöllunar er vegna flutnings úr sveitum sýslunnar. Á Hvammstanga hafa innanlandsflutningur hins vegar nær alltaf verið jákvæðir. Eins og víðast hvar á landsbyggðinni er það höfuðborgarsvæðið og þá sérstaklega Reykjavík, sem hefur dregið langflesta fyrrum íbúa svæðisins til sín. Á tímabilinu 1991-1996 fluttu 372 íbúar Vestur-Húnavatns-sýslu þangað meðan 228 höfuðborgarbúar fluttu til svæðisins. Munurinn, 144 manns, er töluverður fyrir ekki fjölmennara svæði á einungis sex árum.

Mynd 5 Nettóflutningar fólks í Vestur-Húnavatnssýslu



Mynd 6 Aldursskipting 1/1 1997



Aldursskipting í Vestur-Húnavatnssýslu er nokkuð frábrugðin aldursskiptingu á landinu í heild. Aldurshópar 20 til 29 ára eru fámennari en á

landsvísu vegna brottflutnings Þetta er áhyggjuefni. Þessi munur í aldursdreifingu kemur einnig fram í því að hlutfall barna á aldrinum 0-4 ára er lægra í sýslunni en landsmeðaltal. Þetta á sérstaklega við í sveitum. Aldurs hópar 35 ára til fertugs eru fjölmennari en landsmeðaltal og það er hluti skýringar á því hversu hátt hlutfall er þar af fólki innan við tvítugt. Strax eftir það tekur brottflutingurinn verulegan toll. Sjötugir og eldri eru ívið fjölmennari á svæðinu en á landinu í heild.

Hlutfall kynja í héraðinu er mjög svipað og landsmeðaltal og verður það að teljast mjög jákvætt, þar sem ójafnt hlutfall kynjanna er nokkuð áberandi víða um land.


3.2 VINNUMARKAÐUR

Atvinnulíf í Vestur-Húnavatnssýslu hefur einkennst af samdrætti á undanförunum árum. Heildarfjöldi ársverka á svæðinu hefur dregist saman frá því er hann var hæstur árið 1985 úr 908 ársverkum í 664 árið 1995. Þetta er samdráttur um rúmlega þriðjung. Mestur hefur samdrátturinn verið í landbúnaði en þar hefur störfum fækkað um meira en helming. Störfum hefur fækkað á undanförunum árum í öllum greinum atvinnulífs nema í fiskvinnslu og þjónustugreinum.

Tafla 2 Þróun ársverka í einstökum atvinnugreinum

Atvinnuvegur	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Landbúnaður	351	358	338	325	297	283	265	218	216	183	174	175
Fiskveiðar	31	31	31	30	20	33	33	19	18	15	15	15
Fiskvinnsla	36	36	47	47	32	34	49	35	37	39	53	45
Iðnaður	93	108	123	120	82	69	71	72	85	79	88	89
Byggingar	85	81	63	57	61	54	71	71	62	61	55	50
Verslun	75	82	83	84	97	96	91	85	72	79	71	73
Samgöngur	33	32	35	33	30	30	28	25	28	26	25	26
Bankarogfl.	17	19	19	22	21	19	19	17	22	24	25	24
Þjónusta	159	159	156	155	157	154	168	159	151	164	166	167
Samtals	881	908	893	874	797	772	795	702	690	671	672	664

Mynd 7 Hlutfallsleg skipting ársverka á atvinnugreinar í Vestur-Húnavatnssýslu



Hlutdeild landbúnaðar í heildarársverkum í héraðinu hefur lækkað úr 42% árið 1983 í 26% árið 1995. Hlutur annarra greina hefur staðið í stað nema þjónusta en hlutfall þjónustugreina á vinnumarkaði hefur vaxið.

Það vekur athygli að ekki fer saman þróun ársverka og íbúafjölda. Ársverkum hefur fækkað á sama tíma og íbúafjöldi hefur staðið í stað. Atvinnuþátttaka hefur minnkað og atvinnuleysi aukist á því tímabili sem hér er til skoðunar.

Tafla 3 Ársverk eftir atvinnuvegum 1995

Sveitarfélag	Land- búnaður	Sjávar- útvegur	Iðnaður	Þjónusta	Samtals
5501 Staðarhreppur	20	0	4	26	51
5502 Fremri-Torfustaðahreppur	20	0	2	4	27
5503 Ytri-Torfustaðahreppur	43	2	15	41	102
5504 Hvammstangi	3	50	99	178	330
5505 Kirkjuhvammshreppur	28	2	4	13	46
5506 Þverárhreppur	20	1	2	11	34
5507 Þorkelshólshreppur	40	3	12	18	74
Samtals	174	58	138	291	664

Eins og sjá má af töflunni hér að ofan er mikill munur milli einstakra sveitarfélaga í fjölbreytni atvinnulífs. Nær öll störf í sjávarútvegi og iðnaði og langflest störf í þjónustu, sérstaklega opinberri þjónustu, eru á Hvammstanga. Það virðist einnig margt benda til þess að fólk sem býr í nálægð við Norðurlandsveg, sem tryggir góðar vegasamgöngur til Hvammstanga árið um kring, sé mun líklegri til að sækja vinnu þangað heldur en fólk sem býr nær, en við ótryggari snjómokstur.

Tafla 4 Ársverk og tekjur eftir atvinnuvegum 1995


Atvinnuvegur	Ársverk	Hlutf. skipting ársverka	Meðaltekjur í þús	% Frávik frá landsmeðaltali
1 Landbúnaður	175	26,4	643	-13
2 Fiskveiðar	15	2,3	2.996	-9
3 Fiskvinnsla	45	6,7	1.806	9
4 Iðnaður	89	13,4	1.391	-20
5 Byggingar	50	7,5	1.523	2
6 Verslun	73	11,0	1.293	-14
7 Samgöngur	26	3,9	1.302	-27
8 Bankar og fl.	24	3,6	1.226	-33
9 Þjónusta	167	25,2	1.535	-5
Samtals	664	100,0	1.283	-24

Samdráttur og tekjuskerðing í sauðafjarrækt hefur komið illa niður á þessu hefðbundna landbúnaðarhéraði. Tekjuskerðing hefur orðið töluverð og í mörgum sveitarfélögum hefur það aukist að bændur leiti sér vinnu eða hlutastarf í þéttbýlisstöðunum. Tekjuskerðingin og reglur um atvinnuleysisbætur hafa einnig orðið þess valdandi að töluvert er um hið svokallaða „dulda“ atvinnuleysi á bændabýlum.

Skráð atvinnuleysi í Vestur-Húnavatnssýslu hefur verið nokkuð sveiflukennt síðastliðin ár eins og sjá má á mynd 8. Frá 1990 náði atvinnuleysið hámarki árið 1993 þegar 318 manns voru á atvinnuleysissskrá yfir árið. Síðan hefur skráð atvinnuleysi minnkað. Ef borið er saman atvinnuleysi í dreifbýli sýslunnar annars vegar og á Hvammstanga hins vegar kemur í ljós að


aukning atvinnuleysis hefur mest verið í sveitum en atvinnuleysi á Hvammstanga árið 1997 var það lægsta sem skráð hefur verið á þessu tímabili.

Mynd 8 Skráð atvinnuleysi í Vestur-Húnavatnssýslu 1990-1997



Skráð atvinnuleysi er mjög árstíðabundið eins og sést á mynd 9. Sveiflur í atvinnuleysi virðast mikið fylgja annatímabilum í landbúnaði og slátrun búfjár og á það jafnt við hvort sem fólk er búsett í dreifbýli eða þéttbýli. Efling ferðapjónustu er líklega ein aðalástæðan fyrir lágum atvinnuleysistölum yfir sumarið. Öfugt við það sem er algengast er atvinnuleysi meira meðal karl- manna en kvenna í Vestur-Húnavatnssýslu.

Mynd 9 Mánaðarlegt atvinnuleysi í Vestur-Húnavatnssýslu



3.3 ATVINNUÞRÓUNARFÉLÖG

Aðstoð sveitarfélagana við uppbyggingu atvinnulífsins hefur að mestu verið með styrkjum Héraðsnefndar Vestur-Húnavatnssýslu til rekstur atvinnuþróunarfélaga, þ.e Hagfélagsins ehf. og Ferðamálafélags V-Hún. Auk þessa leggja sveitarfélögin í Vestur-Húnavatnssýslu fram nokkuð fé til Iðn-

Þróunarfélags Norðurlands vestra. Þessum félögum er ætlað að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og að aðstoða héraðsbúa við stofnun og rekstur fyrirtækja. Stuðningur frá ríkisvaldinu til atvinnuþróunarfélaga hefur nær eingöngu komið frá Byggðastofnun. Nú hefur verið gerður samningur milli Byggðastofnunar og samtaka sveitarfélaga í kjördæminu um aukinn stuðning við atvinnuþróunarstarfið með eflingu starfssemi Iðnþróunarfélags Norðurlands vestra. Byggðastofnun hefur þar með fellt niður beinan styrk sinn til Hagfélagsins hf.

Helstu heimildir:

Gagnagrunnur Byggðastofnunar

Hagstofa Íslands

Upplýsingar frá sveitarfélögum í Vestur-Húnavatnssýslu

Upplýsingar frá Verkalýðsfélaginu Hvöt

4 LANDBÚNAÐUR

4.1 Inngangur


Vestur-Húnavatnssýsla hefur öldum saman verið mikið landbúnaðarhérað þar sem hefðbundinn landbúnaður, og þá einkum sauðfjárrækt, hefur verið alls ráðandi. Samdráttur í sauðfjárrækt hefur því komið mjög illa við þetta svæði. Hrossarækt hefur farið vaxandi, en annar búskapur hefur heldur dregist saman. Svínabú hafa verið nokkur en þeim hefur farið fækkandi. Í lok árs 1996 voru tvö bú með svínarækt. Ylrækt er stunduð í nokkrum mæli á Laugarbakka og Reykjum í Hrútafirði. Engin kjúklinga- eða eggjabú eru á svæðinu. Bleikjueldi er stundað í smáum stíl að Ytri-Völlum. Loðdýrabúin voru 10 þegar best lét, en verðhrun skinna leiddi til þess að búgreinin lagðist af á svæðinu. Nokkrir aðilar hafa nú hafið loðdýrarækt að nýju.

Vestur-Húnavatnssýsla er vel gróið landsvæði og þykir henta best til sauðfjárræktar eða til blandaðs hefðbundins búskapar.

4.1.1 Ársverk og mannaflí

Ársverk í landbúnaði í Vestur-Húnavatnssýslu, voru 175 árið 1995, og hafði þá fækkað úr 358 frá 1985.

Mynd 10 Ársverk í landbúnaði í Vestur-Húnavatnssýslu 1984 -1995



Árið 1996 voru 140 sauðfjárþú, kúabú eða blönduð bú í sýslunni. Búum hefur fækkað á undanförunum árum og þau hafa minnkað.


Í Vestur-Húnavatnssýslu eru bændur til jafnaðar mun yngri en í öðrum sýslum, en meðalaldur þeirra var 49 árið 1995. Miðaldra bændur í Vestur-Húnavatnssýslu eru aftur á móti hlutfallslega færri en annars staðar. Meðalaldur bænda á landinu er u.þ.b. 51 ár.

4.2 SAUÐFJÁRRÆKT

4.2.1 Þróun framleiðslu

Heildarframleiðsluréttur sauðfjárþænda í Vestur-Húnavatnssýslu var skertur um 33,5% á milli verðlagsáranna 1989/90 og 1994/95. Skerðingin nam 223 tonnum, úr 664 tonnum niður í 441 tonn.

Mynd 11 Framleiðsluréttur á kindakjöti í V-Hún.



Mynd 11 ber saman virkan framleiðslurétt og raunframleiðslu sauðfjárþænda. Í Vestur-Húnavatnssýslu voru 104 sauðfjárþú árið 1996 og hafði þeim þá fækkað um 15 frá 1989. Af þessum 104 sauðfjárþúum voru 100 með 399 ærgilda framleiðslurétt eða minna. Blönduð þú voru 24, sem er fækkun um 19 frá 1989. hafa 13 blönduðu þúanna 400 ærgildi eða meira.

4.2.2 Sala afurða

Báðar afurðastöðvar sauðfjár í Vestur-Húnavatnssýslu eru á Hvammstanga. Þar er eitt besta sláturhús landsins sem hefur leyfi til slátrunar fyrir markað Evrópusambandslanda í eigu Kaupfélags Vestur-Húnavetninga (KVH). Á Hvammstanga er einnig eitt einkarekið sláturhús, Ferskar afurðir hf. Allir bændur á svæðinu nýta þessar afurðastöðvar fyrir utan nokkra bændur í Staðarhreppi sem senda sauðfé sitt til slátrunar í sláturhús Kaupfélags Hrutfirðinga á Borðeyri. Í sláturhúsi KVH er slátrað um 30.000 fjár árlega, en 14-16 þúsund á Borðeyri. Nú hafa afurðastöðvarnar á norðvesturhorni landsins flestallar sameinast í s.k. Norðvesturbandalag. Sú endurskipulagning mun væntanlega leiða til aukinnar atvinnu við úrvinnslu sauðfjárafurða en slátrun mun meðal annars leggjast af á Borðeyri.

Eins og staðan er kemur sláturhús KVH bændum til góða sem afurðavinnsla og sem atvinnutækifæri fyrir fólk úr sveitum á haustmánuðum.


Ullarframleiðsla hefur aukist þrátt fyrir samdrátt í fjárfjölda. Bændur selja ullina til Ístex hf.

4.3 MJÓLKURFRAMLEIÐSLA

4.3.1 Þróun framleiðslu

Árið 1996 voru 11 bændur, sem nær einvörðungu voru í mjólkurframleiðslu í Vestur-Húnavatnssýslu. Hafði þeim þá fjölgað úr sjö frá 1989. Virðist því sem nokkrir bændur hafi skipt úr sauðfjarrækt í mjólkurframleiðslu á síðustu árum. Flest þessara búa, átta talsins, eru með yfir 400 ærgildi en þrjú þeirra hafa minni framleiðslu.

Mynd 12 Mjólkurframleiðsluréttur í V-Hún.



Í Vestur-Húnavatnssýslu dreifist framleiðslan á mörg bú og öllu herra hlutfall framleiðslu kemur frá framleiðendum með fremur litla framleiðslu (50 þús. lítrar eða minna) en gerist í öðrum héruðum. Í Austur-Húnavatnssýslu, sem dæmi, er hlutur býla sem framleiða 51-100 þús. lítra yfirgnæfandi í framleiðslumagninu og greinileg tilhneiging er til framleiðsluaukningar á þessum búum.

4.3.2 Sala afurða

Á Hvammstanga er afurðastöðin Mjólkursamlag Kaupfélags Vestur-Húnavetninga. Mjólkursamlagið framleiðir nær eingöngu hinn svokallaða "Hvammstangabrauðost".

4.4 HROSSARÆKT

4.4.1 Þróun framleiðslu

Á fyrstu áratugum aldarinnar komu margir góðir reiðhestar úr Vestur-Húnavatnssýslu. Má þar sérstaklega nefna Hindisvíkurkynið, sem naut mikilla vinsælda á tímabilinu 1920-45. Eftir 1950 virðist vegur og vegsemd reiðhesta úr sýslunni fara minnkandi, enda voru flestir af bestu hestunum seldir burt til annarra landsvæða eða til útlanda. Á síðustu árum hefur hins vegar verið lögð ríkari áhersla á kynbætur sem hafa skilað betri stofni og fjölgun gæðinga. Hrossarækt hefur farið stöðugt vaxandi og eru nokkrir

bændur að ná árangri í ræktun reiðhesta. Nokkrir aðilar hafa verulegar tekjur af sölu hrossa og tamningum.

Nýting reiðhesta til ferðapjónustu var fyrr á ferðinni í V-Húnavatnssýslu en víðast annars staðar. Öfugt við þróunina víða um landið, hafa hestamenn svæðisins farið rólega í uppbyggingunni og hefur ferðapjónusta tengd hestamennsku verið nær eingöngu á vegum Arinbjarnar Jóhannssonar á Brekkulæk. Arinbjörn hefur aukið umsvif sín og fengið hestamenn af svæðinu og úr Austur-Húnavatnssýslu til að sjá um nokkrar af ferðunum. Ein hestaleiga er einnig á svæðinu, í Galtanesi í Víðidal, þar sem er þó nokkur ræktun. Þegar um stærri hópa er að ræða, hefur hestaleigan fengið hesta lánaða hjá hrossaræktendum í Víðidal. Auk þessa fer það vaxandi að hestamenn á ferð um Arnarvatnsheiði og Víðidalstunguheiði nýti sér þjónustu heimamanna til að fá fóður upp á heiðarnar og leigja hestahólf og fleira því tengt.


4.4.2 Húsakostur

Með aukinni hrossaeign hefur hesthúsakostur einnig aukist. Nokkuð er um að aflögðum loðdýrabúum hafi verið breytt í hesthús. Uppbyggingu hesthúsa má að nokkru rekja til ákvörðunar Framleiðnisjóðs um að veita styrki til slíkra bygginga. Ekki er almennt að húsakostur sé fyrir hendi til að hýsa öll hross á býlum, enda algengt að hrossum sé gefið út með beit á veturnum.

4.4.3 Sala afurða

Með kynbótum hrossa og auknum tamningum hefur opnast markaður fyrir tamda hesta bæði innanlands og erlendis. Tamin hross til útflutnings verða þó helst að vera í hæsta gæðaflokki, þannig að nægjanlegt markaðsverð fáið til greiðslu kostnaðar við uppeldi og tamningar.

Mynd 13 Hrossakjötsframleiðsla í V-Hún.




Sláturhús KVH hefur tekið hross til slátrunar hjá bændum í Vestur-Húnavatnssýslu. Markaðsmál eru þó nokkuð erfið og hefur t.d. Japansmarkaður sem á tímabili var mjög sterkur hrunið algerlega. Markaður á Ítalíu hefur að nokkru komið í staðinn.

4.5 AÐRAR BÚGREINAR OG HLUNNINDI

4.5.1 Nautgriparækt

Fátítt er að bændur stundi eingöngu sérhæfða nautakjötsframleiðslu en talsverð aukning hefur orðið í kjötframleiðslu hjá mjólkurframleiðendum.

Mynd 14 Framleiðsla á nautakjöti í V-Hún.




Framleiðsla nautakjöts í Vestur-Húnavatnssýslu tvöfaldaðist næstum milli 1990 og 1994.

4.5.2 Svínakjötsframleiðsla

Svínabú hafa verið nokkur en þeim hefur farið fækkandi með lækkandi verði afurða. Nú eru aðeins tvö svínabú á svæðinu. Þrátt fyrir fækkun býla hefur framleiðslan engu að síður aukist um 37 tonn á tímabilinu 1990-94.

Mynd 15 Svínakjötsframleiðsla í V-Hún.



Árið 1986 voru flest svínabú á Norðurlandi í Vestur-Húnavatnssýslu og hafði þessi búgrein þá náð meiri útbreiðslu þar en annars staðar í þeim landsfjórðungi. Það hlutfall hefur ekki breyst síðan, þó að framleiðsla hafi aukist á öðrum svæðum á Norðurlandi, sérstaklega í Austur-Húnavatnssýslu.

4.5.3 Ylrækt

Ylrækt er stunduð í nokkrum mæli á Laugarbakka og Reykjum í Hrutafirði. Staðarhreppur er það sveitarfélag, sem lagt hefur mesta áherslu á að leggja

hitaveitu um sveitarfélagið á næstu árum. Talið er að það muni stuðla að betri afkomu bænda í hreppnum auk þess sem hitaveita muni stórefla ferðaþjónustu að Stað. Í Staðarhreppi líta menn helst til ylræktar þegar fjallað er um nýsköpun í landbúnaði.

4.5.4 Bleikjueldi

Frumskilyrði fyrir eldi á bleikju er að vatnsbúskapur sé traustur, sem m.a. byggir á upplýsingum um sveiflur í rennsli og vatnshita yfir árið og jafnvel milli ára. Bleikjueldið er ekki eins áhættusöm grein og t.d. laxeldi, því að bleikjan er miklu harðgerðari en aðrir laxfiskar, vex betur í köldu vatni og afföllin eru almennt mikið minni. Það er helst skortur á vatni, sem gæti hamlað Vestur-Húnavetningum í að taka upp bleikjueldi í stórum stíl. Þá hafa rannsóknir sýnt að bleikjueldi við jarðhita er mun vænlegra en þar sem eingöngu er notað árvatn. Munurinn á vaxtarhraða fisksins er allt að 50%. Þetta gefur þeim stöðvum, sem hafa aðgang að heitu vatni mun meiri arðsemi. Bleikjueldi er stundað í smáum stíl að Ytri-Völlum í Vestur-Húnavatnssýslu.

4.5.5 Dúntekja

Æðarvarpshlunnindi eru nokkur á svæðinu. Dúnninn er grófhreinsaður á bæjunum og sumir bændur fjaðratína dúnninn sjálfir þar sem slík hreinsun er mjög dýr. Margt bendir til þess að nokkrir möguleikar kunni að vera á að koma upp æðarvarpi víðar en það er nú með skipulögðum aðgerðum auk þess er víða hægt að auka og bæta nýtingu þeirra varplanda sem fyrir eru.

4.5.6 Loðdýrarækt

Loðdýrabúin á svæðinu voru 10 þegar best lét en vegna verðhruns á skinnnum lagðist þessi búgrein af á tiltölulega skömmum tíma. Húsin, sem loðdýrabúin voru rekin í hafa flest verið tekin til annarrar notkunar. Þó hafa nokkrir aðilar hafið loðdýrarækt að nýju, meðal annars vegna stuðnings Byggðastofnunar við greinina undanfarin tvö ár. Nú eru starfrækt 3 refabú og 1 minkabú í sýslunni.

4.5.7 Selveiði

Til skamms tíma var selveiði veruleg hlunnindi á allmörgum bújörðum á Norðurlandi og þá ekki síst í Vestur-Húnavatnssýslu. Á Vatnsnesi og Heggstaðanesi var eitt sinn góð selveiði. Verðfall á kópaskinum gerði þessi hlunnindi nánast verðlaus um tíma. Unnið hefur verið að markaðsmálum á skinnnum á undanförunum árum. Selskinn hafa selst á allgóðu verði undanfarin ár, en vantað hefur á að allir bændur nýttu þessa möguleika og geta misjanar aðstæður manna ráðið þar miklu.

4.6 SAMEIGINLEGIR HAGSMUNIR

4.6.1 Beitolönd

Afnot af afréttarlöndum Vestur-Húnvetninga eru háð takmörkunum á tíma en ekki á fjölda gripa. Hross eru yfirleitt rekin á heiðar seint að sumri og tekin tiltölulega snemma af heiðinni aftur. Beitarálag vegna sauðfjár hefur minnkað mikið á síðustu árum vegna niðurskurðar í framleiðslu á kindakjöti, en aukin hrossarækt hefur hins vegar aukið nokkuð beitarálag.

Ræktað og ræktanlegt land er æskilegt að varðveita sem best. Þó að það land sé núna vannýtt, og um sinn ekki skilyrði fyrir aukinni ræktun vegna markaðsskilyrða fyrir landbúnaðarafurðir, þá má ekki gleyma því að síðar meir geta skapast ný skilyrði. Ræktunarjörð er auðlind, sem getur þurft að nýta síðar.

4.6.2 Búseta í sveitum

Í Vestur-Húnavatnssýslu eru tveir þéttbýlisstaðir. Nálægð við þéttbýli getur að mörgu leyti haft varanleg áhrif á búsetumöguleika fólks. Hugsanlegt er að búa svo til hvar sem er á svæðinu og stunda atvinnu í öðrum þéttbýlisstaðanna. Sérstaklega á þetta við Hvammstanga. Tilvist þéttbýlisstaðanna hefur meðal annars þau áhrif að bændur geta stundað vinnu að hluta eða að öllu leyti á Hvammstanga eða Laugarbakka, en haldið samt áfram að búa á jörðinni án þess að nýta hana að fullu.

Börn bændu kjósa ef til vill fremur að stofna til heimilis heima í sveitinni, enda þótt þau stundi atvinnu sína í öðrum þéttbýlisstaðanna. Þetta getur m.a. valdið því að á jörð séu byggð eitt eða fleiri íbúðarhús fjölskyldna sem ekki hafa atvinnu af rekstri jarðarinnar. Íbúar þéttbýlisstaðanna geta sóst eftir landi fyrir búskap í smáum stíl, hestamennsku o.s.frv. Til að auðvelda þessa þróun þyrfti að bæta suma útvegi í héraðinu. Til að stækkun á atvinnusvæði geti orðið verður að vera auðvelt að sækja vinnu hvar sem er á svæðinu óháð búsetu. Til þess þarf að bæta vegakerfið og tryggja opnun vega á veturna með reglulegum snjómokstri.

4.7 FRAMTÍÐARMÖGULEIKAR Í LANDBÚNAÐI

Erfitt er að spá fyrir um framtíðarþróun í sauðfjárrækt á Íslandi. Aðstæður sauðfjárbændu eru nokkuð mismunandi. Um það bil þriðjungur sauðfjárbændu hefur ekki umtalsverðar launatekjur af annarri atvinnustarfsemi. Nokkur hluti framleiðslunnar fer einnig fram á blönduðum búum og tæplega þriðjungur sauðfjárbændu framfleytir sér með umtalsverðri annarri tekjuöflun. Landbúnaður á Íslandi mun vafalítið þróast í átt til sérhæfingar í framleiðslu eftir byggðalögum. Sauðfjárræktin á í vök að verjast um þessar mundir, þannig að líklegt má telja að sauðfjárbændum muni helst fækka á þeim svæðum, sem hafa nokkra fjölbreytni í öðrum atvinnu-möguleikum.

Bændur hafa brugðist við niðurskurðinum í sauðfjárframleiðslunni með auknum gæðum afurða og betri nýtingu. Þá hafa flestir reynt að minnka rekstrarkostnað býlis og heimilis með skipulagi, hagræðingu og sparnaði. Margir hafa í einnig reynt að leita til vinnu utan búsinns eins og hægt er án

Þess að skerða verulega búreksturinn. Árangurinn hefur verið misjafn, og sumum hefur gengið illa að hagræða og gjöldin við búreksturinn hafa lítið minnkað. Margir ganga á eignir sínar og geta ekki endurnýjað vélar og tæki. Að óbreyttu munu margir bændur flosna upp. Mörg búanna á svæðinu voru það lítil fyrir skerðinguna að þau máttu ekki við henni á nokkurn hátt.

Besta ráðið til tekjuaukningar og tryggingar búsetu á svæðinu er að álitni flestra sveitarstjórnarmanna og ráðunauta, að finna markaði fyrir hefðbundinn búskap á viðunandi verði. Er hér sérstaklega átt við lambakjöt. Möguleikar til nýsköpunar í dreifbýli Vestur-Húnavatnssýslu eru álitnir litlir af sveitarstjórnarmönnum og binda bændur helst vonir við ESB samþykka sláturhúsið á Hvammstanga, þ.e.a.s. að það geti skilað sér í auknum markaðs-möguleikum, meiri sölu og aukinni atvinnu við sláturvinnsluna. Ýmsir sveitarstjórnarmenn hafa lagt á það áherslu að halda jörðunum og framleiðslunni við ef nýir markaðir opnast. Einnig hefur verið reynt með góðum árangri að lengja sláturtíma fyrir dilkakjöt á innlandan markað hjá sláturhúsinu Ferskum afurðum á Hvammstanga. Ekki er mælt með að bændur reyni fyrir sér í áhættusamri nýsköpun. Lítil nýsköpun hefur verið reynd í héraðinu og bændur fullyrða að ástæðuna sé að rekja til þess, að vítað er að landið hentar best til sauðfjárræktar.

Bleikjueldi getur verið vænlegur kostur fyrir bændur á þeim svæðum þar sem vatnsbúskapur er traustur og þekktur með tilliti til vatnshita og rennslis. Sem eldisfiskur er bleikja vænlegur kostur vegna vaxtarhraða og markaður virðist vera fyrir hendi. Þrátt fyrir að laxeldi hafi ekki staðið undir þeim væntingum, sem til þess voru gerðar, hefur safnast mikil reynsla og þekking í gegnum laxeldið, sem mun geta nýst til frekari uppbyggingar í fiskeldi til frambúðar. Bleikja er dæmi um fisktegund, sem hentar betur til eldis hér á landi en víðast annars staðar, bæði hvað varðar líffræði þessa fisks og ekki síður þá landkosti sem við búum við. Möguleikar Íslendinga til að verða samkeppnishæfir, meðal annars með tilliti til framleiðslukostnaðar, eru mun meiri í bleikjueldi en í eldi annarra fisktegunda. Bleikja er hins vegar lítt þekkt vara á erlendum mörkuðum og því er mikilvægt að efla markaðsstarf í takt við aukna framleiðslu á komandi árum.

Nú stendur yfir tilraunaverkefni um ræktun og nýtingu á hör. Örnefni gefa til kynna að slík ræktun hafi átt sér stað í Vestur-Húnavatnssýslu og ef til vill er mögulegt að endurreisa hana.

Vestur-Húnavatnssýsla er atvinnusvæði þar sem meginuppistaðan er landbúnaður og möguleikar til að auka fjölbreytni atvinnulífsins eru tiltölulega takmarkaðir. Sýslan hentar einnig án efa betur til sauðfjárræktar en mörg önnur svæði landsins og því væri eðlilegt að nýta betur landkosti, gróðurfarsleg skilyrði, þekkingu og húsakost sem á svæðinu eru. Þetta leiðir til þeirrar niðurstöðu að Vestur-Húnavatnssýsla er eitt af þeim svæðum þar sem leggja ætti áherslu á að viðhalda sauðfjárrækt ef þess er nokkur kostur.

5 SJÁVARÚTVEGUR

5.1 INNGANGUR

Sjávarútvegur er aðallega stundaður á Hvammstanga, þar sem er eina höfn svæðisins. Fyrir á tímum var stunduð smábátaútgerð frá nokkrum bæjum á Vatnsnesi, þar sem aðallega var gert út á hrognkelsi, en þær veiðar hafa nú nærri lagst af. Útgerð frá Hvammstanga hefur dregist mjög saman á síðustu árum og nú er aðeins einn stór bátur gerður út þaðan ásamt sex smábátum. Helstu miðin eru Miðfjörður, Hrútafjörður og Húnaflóinn. Fiskvinnsla í Vestur-Húnavatnssýslu er einungis stunduð á Hvammstanga og er rækjuvinnsla fyrirferðarmest.

5.2 HVAMMSTANGAHÖFN

Eina höfn svæðisins er á Hvammstanga. Hvammstangahöfn er frekar lítil innfjarðarhöfn við Miðfjörð, en inn í höfnina komast flestir togarar. Uppbygging hafnarinnar hefur að mestu verið tengd auknum veiðum á innfjarðarrækju og notendur hennar eru mest heimamenn á Hvammstanga eða frá nágrannasveitarfélögum við Húnaflóa. Frá höfninni er mjög stutt á innfjarðarrækjumið á Húnaflóa og er talsvert um að rækju sé landað á Hvammstanga og ekið til vinnslu m.a. á Blönduós, Skagaströnd og Hólmavík.

Hvammstangahöfn er talin mjög örugg höfn þar sem hún liggur ekki fyrir opnu hafi og ekki myndast mikið sog í henni. Þar kemur einnig til að heimamenn og Slysavarnarfélagið hafa gætt báta vel í óveðrum sem kemur sér einkum vel fyrir aðkomubáta á staðnum. Almenn þjónusta við höfnina er talin góð, en þar er lítill en góður löndunarkrani og einnig er nýleg hafnarvog á staðnum. Önnur þjónusta svo sem vatn, rafmagn, þjónusta vélsmiðju og iðnaðarmanna, ísþjónusta, víraþjónusta og aðstaða til beitinga er einnig í ágætu ástandi við Hvammstangahöfn. Landfræðileg staðsetning með tilliti til samgangna gerir það að verkum að auðvelt er um flutning á afla og aðföngum og staðsetningin gerir einnig áhafnaskipti á bátum hagkvæmari en víðast. Höfnin er ekki á skrá Eimskips yfir þeirra hafnir sem þýðir dýrari flutning frá staðnum í veg fyrir millilandaskip, en Eimskip sér að öðrum kosti um að koma vörum frá skráðum höfnum til og frá millilandskipum félagsins.


5.3 FISKVEIÐAR OG VINNSLA

5.3.1 Rækja

Heildarrækjuafli landsmanna hefur aukist á undanförunum árum úr 54.000 tonnum árið 1993 í um 69.000 tonn árið 1996. Þar af hefur orðið aukning á rækjuafli á grunnslóð úr 7.700 tonnum árið 1993 í um 11.900 tonn árið 1996. Samkvæmt skýrslu Hafrannsóknarstofnunar virðist rækjustofninn í Húnaflóa vera í miklum vexti og var aflinn um 2.500 tonn 1996. Aukning

rækjustofnsins á Húnaflóa styrkir verulega bæði veiðar og vinnsla á Hvammstanga, en uppistaðan í fiskvinnslu staðarins er rækjuvinnsla Meleyrar hf. Mikilvægt er að fyrir hendi sé góð hafnaraðstaða, stutt á miðin og greiðsluöryggi þannig að hráefni fái til rækjuvinnslu.


Mynd 16 Rækjuafli úr Húnaflóa



5.3.2 Skelfiskur

Alls voru veidd 8.900 tonn af hörpudiski árið 1996 samanborett við 11.900 tonn árið 1993. Síðustu þrjú ár hefur hörpudiskaflí landsmanna verið undir 9.000 tonnum sem er um fjórðungi lakara en áratuginn á undan. Af 8.900 tonna heildarafla 1996 voru aðeins um 400 tonn veidd í Húnaflóa. Töluvert af innfjarðarskelfiskkvótanum hefur tapast frá Hvammstanga.

Mynd 17 Hörpudiskur, afli úr Húnaflóa



5.3.3 Ígulker

Á árunum 1993-1995 var gerð tilraun til ígulkeraveiða og vinnslu á Hvammstanga. Með tilkomu fyrirtækisins Ígull hf. hófu nokkrir bátar á Hvammstanga ígulkeraveiðar á Húnaflóa. Veiðarnar þróuðust á tilraunatímabilinu, sérstaklega með tilliti til upplýsinga um veiðistaði, veiðitíma og fyllingarprósentu. Á fiskveiðiárinu 1994/95 var samtals landað um 154 tonnum af ígulkerum á Hvammstanga, en nokkru magni hráefnis er ekið til vinnslu utan svæðisins og einnig var talsvert um aðkeypt hráefni úr Breiðafirði til vinnslunnar á Hvammstanga. Helsta vandamálið við

Ígulkeravinnslu er hráfnisöflunin því veiðarnar eru stopular og erfitt að gera áætlanir fyrirfram um fyllingarmagn á hverjum veiðistað. Þrátt fyrir þetta voru það markaðsmál sem réðu því að tilraun þessari vinnslu var hætt. Brýnt er fyrir framtíð greinarinnar að Hafrannsóknarstofnunin leggi ríkari áherslu á rannsóknir á hegðun ígulkeranna þannig að kortleggja megi hegðun og fyllingarmagn ígulkeranna á mismunandi svæðum. Ígulkeraveiðum og vinnslu er nú hætt.


5.3.4 Aðrar tegundir

Á árunum 1988-1995 þurrkaðist bolfiskaflamark báta frá Hvammstanga nánast út. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að flestir stærri bátar með umtalsverðan kvóta voru seldir frá staðnum. Síðustu tvö ár hefur aflamark aukist að nýju. Árið 1988 var bolfiskaflamark heimamanna nálægt 2.300 tonnum, fór niður í 31 tonn á fiskveiðiarinu 1994/95 en er 484 þorskígildistonn 1997/98. Fiskvinnslan Meleyri hóf árið 1994 fiskvinnslu þar sem stöðin handflakar og frystir fisk í neytendapakningar. Mest er þar um óhefðbundnar tegundir að ræða svo sem steinbít, grálúðu og kola.

5.4 SMÁBÁTAÚTGERÐ

Bátaútgerð hefur dregist verulega saman á Hvammstanga á undanförunum árum líkt og á öðrum útgerðarstöðum við Húnaflóa. Samdrátturinn hefur orðið það mikill að verulegur samdráttur í atvinnulífinu hefur fylgt í kjölfarið. Árið 1994 voru ársverk í fiskveiðum um 2,2% af heildarársverkum í Vestur-Húnavatnssýslu og meðaltekjur í stéttinni voru um 20% lægri en landsmeðaltal. Einn togbátur, einn rækjubátur, tveir smábátar með aflamark og tveir krókabátar eru gerðir út frá Hvammstanga. Bátarnir stunda veiðar á Húnaflóa.

Mynd 18 Hvammstangi: Bolfiskaflamark 1985-1997/98



Meleyri, Kaupfélag Vestur-Húnavetninga og Hvammstangahreppur stofnuðu útgerðarfyrirtækið Vonin hf. í þeim tilgangi að stunda útgerð á stærri bátum frá Hvammstanga og tryggja þannig hráefni til vinnslunnar. Það fyrirtæki á eitt skip.

5.5 FRAMTÍÐARMÖGULEIKAR

Framtíðarmöguleikar útgerðar og fiskvinnslu á Hvammstanga er háð því að kvóti á staðnum verði nægilegur til að tryggja útgerðarmönnum afla og örugga hráefnisöflun. Útgerðarmönnum og sveitarstjórnarmönnum á Hvammstanga finnst sem ekki hafi alltaf verið gætt fyllsta jafnræðis í úthlutun innfjarðarrækjukvóta í Húnaflóa. Innfjarðarkvóti Hvammstanga hefur farið úr 25% niður í 14% sem er allveruleg skerðing, ekki síst með tilliti til þess að frá Hvammstanga er styst á miðin. Vöxtur útgerðar og rækjuvinnslu á staðnum er ekki síst háður því að leiðrétting fáist á þessum málum. Rækjuafli og verð geta verið sveiflukennd og nauðsynlegt er fyrir útgerð og fiskvinnslu á staðnum að leitað verði leiða til aukinnar hráefnisöflunar svo sem með frekari kaupum á úthafsrækjukvóta og með því að auka enn frekar fjölbreytni tegunda í veiðum og vinnslu. Í því sambandi ber að kanna möguleika á nýtingu, verð og markaði fyrir kúskel, öðuskel og fleiri tegundir sem veiðast í fjörðunum inn af Húnaflóa. Í Húnaflóa finnast kalkpörungar í töluverðu magni. Alþingi hefur ályktað um að sjávarútvegsráðherra skuli gera hagkvæmnikönnun á nýtingu þeirra.

Til að auka landanir og þar með nýtingu á Hvammstangahöfn er nauðsynlegt að ráðist verði í nokkrar úrbætur á höfninni ásamt því að kynna hana fyrir sjómönnum og útgerðarfyrirtækjum. Í kynningu á Hvammstangahöfn ber að leggja áherslu á hversu örugg höfnin er, góða staðsetningu fyrir landflutninga á afla og góða þjónustu í landi.

6 IÐNAÐUR

6.1 INNGANGUR

Iðnaður í Vestur-Húnavatnssýslu hefur löngum verið nátengdur megin frumframleiðslu héraðsins, landbúnaði, með kjötvinnslu og mjólkuriðnaði. Síðustu áratuginu hefur textíl- og saumaiðnaður farið vaxandi og á allra síðustu árum hefur ýmis smáiðnaður og handverk náð fótfestu. Þróun byggingariðnaðarins hefur fylgt mannfjölda í sýslunni og efnahagsumhverfi.

6.2 IÐNAÐARFRAMLEIÐSLA

6.2.1 Matvælaíðnaður

Matvælaíðnaður Í Vestur-Húnavatnssýslu, annar en fiskvinnsla, er mest á vegum Kaupfélags Vestur-Húnavetninga (KVH). KVH rekur stórt sláturhús á Hvammstanga, þar sem miklu hefur verið til kostað til að húsið og framleiðsla þess hafi leyfi til útflutnings til Evrópusambandsríkja. Sláturhús KVH hafði einnig leyfi til útflutnings á Bandaríkjamarkað en afsalaði því leyfi þar sem hrossaslátrun er ekki leyfð í sama húsi og önnur slátrun fyrir þann markað. Hrossaslátrun vegur þungt í rekstri sláturhússins. Heildarvelta sláturhúss og kjötvinnslu hefur minnkað á síðustu árum. Þessi þróun er eðlilega nátengd fækkun sauðfjár á svæðinu undanfarin ár. Aukin slátrun búfjár frá öðrum svæðum hefur þó að einhverju leyti dregið úr samdrætti í framleiðslu. Með stofnun „Norðvesturbandalagsins“ munu verða miklar skipulagsbreytingar á slátrun og kjötvinnslu á starfssvæði þess. Líklegt er að þær leiði til aukinna umsvifa og atvinnu á Hvammstanga.

KVH rekur einnig mjólkursamlag á Hvammstanga í samstarfi við Kaupfélag Hrutfirðinga á Borðeyri. Mjólkursamlagið er þekkt um allt land fyrir brauð-ost sem er nær eina framleiðsla mjólkurvinnslunnar. Mjólkursamlagið á Blönduósi sér Vestur-Húnavetningum fyrir öðrum helstu mjólkurafurðum. Heildarvelta Mjólkursamlagsins hefur dregist saman á síðustu árum umfram skerðingu á framleiðslurétti á svæðinu. Mjólkursamlagið selur framleiðslu sína nær eingöngu gengum Osta- og smjöröluna í Reykjavík.

Á Hvammstanga er einnig sláturhúsið Ferskar afurðir hf., sem hefur verið starfrækt frá 1988. Þótt sláturhúsið sé í Vestur-Húnavatnssýslu eru það samt nær eingöngu bændur utan svæðisins, sérstaklega úr Dala- og Strandasýslu, sem sjá því fyrir hráefni. Langstærsti hluti kjötframleiðslunnar er seldur ófrosinn og sjá Ferskar afurðir um flutning og hluta kjötvinnslunnar. Ferskar afurðir er lítið fyrirtæki en hefur sérhæft söluferfi sitt og markaðssett framleiðslu sína sjálft og selur beint til smásöluverslana.

Brauð- og Kökugerðin á Hvammstanga framleiðir flestallar hefðbundnar brauðvörur. Hún rekur ekki eigin smásöluverslun, en selur hjá verslunum á svæðinu og víðar. Einnig selja þeir beint til fyrirtækja, þá sérstaklega matsöluastaða, mest innan svæðis en einnig er eitthvað um að selt sé til fyrirtækja utan sýslunnar.

6.2.2 Textíl- og saumaiðnaður

Textíl- og saumaiðnaður hefur farið vaxandi í Vestur-Húnavatnssýslu á undanförunum árum. Eftir nokkur „mjögur“ ár hafa ullarsaumastofurnar tvær farið að rétta úr kútnum auk þess að tvö ný saumafyrirtæki hafa verið stofnuð. Textíl- og saumaiðnaðurinn skapar rúmlega 30 störf á svæðinu.

Saumastofan Drífa hf. er stærst saumastofanna. Fyrirtækið þrjónar og saumar ullarvörur úr bandi frá Noregi og Ístex. Fyrirtækið var stofnað af nokkrum einstaklingum upp úr 1970. Eftir mikla þrengingatíma hefur fyrirtækið gengið mjög vel og skilað umtalsverðum hagnaði frá 1993 eftir að framleiðslufyrirtækið á Hvammstanga og sölu- og markaðsfyrirtækið Árblik í Reykjavík voru sameinuð. Hvammstangahreppur létti þá mjög skuldabyrði Drífu m.a. með kaupum á húseign fyrirtækisins. Jafnhliða fjárhagslegri endurskipulagningu hefur verið vandað til allrar hönnunar og nýjar framleiðsluvörur fyrirtækisins, svo sem „norsku peysurnar“, hafa gengið mjög vel. Stærsti markaðurinn fyrir framleiðslu Drífu hefur verið í Noregi. Þýskalandsmarkaður fer vaxandi, ekki síst gegnum póstlista sem er sendur á neytendamarkaðinn þar eftir vissu dreifikerfi. Einnig er selt til Japans gegnum póstlista. Að auki fer innanlandsmarkaðurinn stækkandi, bæði til Íslendinga og til erlendra ferðamanna. Undanfarin ár hafa fimm af sex söluhæstu peysunum í Íslenska markaðinum á Keflavíkurflugvelli verið frá Drífu.

Saumastofan Borg hf. í Víðihlíð framleiðir ullarvörur undir merkinu ALP og selur mest til erlendra ferðamanna og til útflutnings. Borg þrjónar ekki voðir en hefur fengið þær víðs vegar að. Helstu söluleiðir framleiðslunnar eru í gegnum eigin smásöluverslun til hópa erlendra ferðamanna á sumrin og til verslana í Reykjavík. Einnig er einhver útflutningur á vörunum í gegnum umboðsmenn í Reykjavík. Mestir möguleikar til söluaukningar hjá saumastofunni Borg virðast vera hjá þeirra eigin smásölu.

Rebekka - saumastofa á Hvammstanga framleiðir sængurföt og „frjálslegan klæðnað“ fyrir barnshafandi konur. Einnig saumar Rebekka eftir pöntunum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Helstu söluleiðir framleiðslu Rebekku eru í gegnum verslun hennar „Fis-létt“ í Reykjavík, hjá nokkrum sérverslunum og í gengum eigið pöntunarkerfi.

Auk þessara þriggja saumastofa reka tvær konur á Hvammstanga heimasaum þar sem þær framleiða eftir pöntunum. Þær sauma mest fatnað fyrir Hvammstangabúa og aðra Vestur-Húnavetninga.

6.2.3 Byggingariðnaður

Framboð byggingariðnarmanna í Vestur-Húnavatnssýslu fullnægir þörfum heimamarkaðarins. Á Hvammstanga er Steypustöðin B. Ástvaldur Benediktsson. Steypustöðin var í eigu Hvammstangahrepps en B. Ástvaldur keypti hana fyrir nokkrum árum og hefur starfsemin gengið ágætlega. Byggingariðnaður hefur þó farið sífellt minnkandi á svæðinu og er nær einvörðungu um eins manns störf að ræða hjá öðrum en steypustöðinni. Tveir smiðir sf. var stofnað árið 1996 og rekur trésmíðaverkstæði og almenna byggingarstarfsemi á Hvammstanga. Á tímabilinu 1983-1993 fækkaði störfum í byggingariðnaði um 15 ársverk. Þessi fækkun hefur haldist í hendur við fækkun fólks á svæðinu og þrengingar í íslensku atvinnulífi, sem þessi atvinnugrein er

afar viðkvæm fyrir. Á þessu tímabili hefur íbúum á svæðinu fækkað um rúmlega 100 manns auk þess sem það býr að mikilli uppbyggingu einkahúsnæðis sem var á síðustu áratugum. Á árunum frá 1971-1980 voru byggðar 170 íbúðir í sýslunni en 1981-1990 einungis 78, og þá langmest á fyrrihluta áratugarins. Samhliða þessari þróun hefur dregið úr byggingarframkvæmdum opinberra aðila og reglur um útboð opinberra framkvæmda hafa gert litlum fyrirtækjum erfitt fyrir við að koma að stærri verkefnum.

6.2.4 Smáiðnaður og annar iðnaður

Undanfarin ár hefur orðið töluverð gróska í smáiðnaði í Vestur-Húnavatnssýslu og þá fyrst og fremst á Hvammstanga. Smáiðnaðarframleiðslan er í einmenningsfyrirtækjum eða í tengslum við önnur og stærri fyrirtæki.

Skarp hf. framleiðir bómullarskífur og snyrtipinna fyrir neytendamarkaðinn undir merkinu „Jófó“. Framleiðslubúnaður fyrirtækisins var keyptur frá Sauðárkróki um áramótin 1990-1991. Framleiðslan var þó ekki flutt til Hvammstanga fyrr en 1992. Síðan hefur verið nokkur stígandi í fyrirtækinu, þó að samkeppnin við innfluttar vörur sé geysihörð.

Einar Esrason gullsmiður stofnsetti fyrirtækið Eðalmálmsmiðjuna á Hvammstanga árið 1992. Þar framleiðir hann skartgrip og muni úr gulli og silfri, mest eftir pöntunum frá verslunum og gullsmiðum í Reykjavík. Einnig framleiðir hann muni fyrir fyrirtæki og félagasamtök, oft sem tengjast merki viðkomandi.

Plastpokaverksmiðjan Pálmi hf. hefur mest framleitt plastpoka fyrir fiskvinnslufyrirtæki og sveitarfélög en einnig eitthvað í neytendapakningum til sölu í verslunum.

Prentsmiðjan Húnaprent á Laugarbakka er eina prentsmiðjan á svæðinu. Fyrirtækið hefur haft næg verkefni og hefur fjárfest töluvert í nýjum tækjum. Húnaprent vinnur mest fyrir heimamarkaðinn, þó að eitthvað sé um að það taki að sér prentverkefni fyrir aðila utan sýslunnar.

Heimilisiðnaður er víða stundaður í aukavinnu á svæðinu. Salan á framleiðslunni fer að mestu fram í sölubúð Gallerí Bardúsa. Gallerí Bardúsa hf. er hlutafélag handverkfólks í Vestur-Húnavatnssýslu sem starfrækt hefur verslun á Hvammstanga frá 1991. Annar handverkshópur er í Þverárhreppi og er sá í samvinnu við Gallerí Bardúsa um sölu á framleiðslunni. Markmið Bardúsa er að sjá handverksfólki í sýslunni fyrir söluvettvangi og að efla list- og handverksiðkun í héraðinu, m.a. með því að standa fyrir námskeiðum. Fjölbreytni og gæði handverksins hefur því aukist jafnt og þétt og um tíu manns hafa umtalsverðar tekjur af handverksframleiðslu, bæði með sölu gegnum Bardúsa og með sölu í gjafavöruverslunum utan sýslunnar.

Öll þessi smáiðnaðarfyrirtæki einbeita sér fyrst og fremst að heima- og innanlandsmarkaði. Undantekning frá þessu er Mjölverksmiðjan hf. Í allmörg ár hefur rækjuhrat frá rækjuvinnslunni Meleyri verið nýtt til framleiðslu á rækjumjöli. Erfiðlega gekk að selja rækjumjölið þar til 1994 að eftirspurn fór að vaxa sérstaklega frá Noregi, og verð fór þar af leiðandi hækkandi. Við þessa nýju stöðu mála var ákveðið að breyta rekstarfyrirkomulagi til að tryggja nægilegt hráefni til vinnslunnar. Í maí 1995 var Mjölverksmiðjan hf.

stofnuð af rækjuvinnslum og sveitarfélögum á Hvammstanga, Blönduósi og Sauðárkróki auk fóðurverksmiðjunnar Laxá hf. á Akureyri. Félagið keypti verksmiðjuhús og vélar fyrirrennara síns, Tanga hf. Vinnsla hófst í júní 1995 og eru starfsmenn tveir auk tveggja verktaka við stjórnun og aðflutning hráefnis. Unnið hefur verið úr rækjuhrati frá Hvammstanga, Blönduósi, Stykkishólmi, Skagaströnd og Sauðárkróki. Vonast er til að rækjuhrat frá fleiri rækjuvinnslum berist til Mjölverksmiðjunnar í náinni framtíð. Líkur til þess eru nokkuð góðar þar sem förgun á rækjuhrati er víðast hvar umhverfisvandamál.

6.3 FRAMTÍÐARMÖGULEIKAR

Iðnaður í Vestur-Húnavatnssýslu virðist heldur á uppleið eftir nokkur erfið ár. Markaðir eru þó alltaf sveiflukennir og iðnfyrirtæki verða að fylgjast vel með til að missa ekki markaðshlutdeild. Mikilvægt er að stutt verði við þau iðnfyrirtæki, sem þegar eru starfandi jafnframt því að leita nýrra tækifæra og stuðla að nýsköpun í iðnaði á svæðinu.

Nokkrar hugmyndir að smáiðnaði hafa verið ræddar á svæðinu. Umslagagerð var mikið skoðuð fyrir nokkrum árum. Á Laugarbakka er verið að athuga möguleika á skyrtubolaframleiðslu eða merkingu á skyrtuboli. Listamenn á staðnum og nemendurnir í Laugarbakkaskóla hafa gert dálítið af slíku til eigin nota. Ef slíkt fyrirtæki yrði að veruleika yrðu bolirnir í fyrstu handmálaðir með silkiprenti. Framleiðsla á gæludýrafóðri var einnig skoðuð fyrir nokkrum árum. Óhagstæð ytri skilyrði, hörð samkeppni á markaði eða erfiðleikar í hráefnisöflun hafa hingað til hamlað því að þessar hugmyndir yrðu að veruleika.

Þegar kemur að iðnaði virðist fólk í sveitahreppunum helst sjá möguleika í að stofnsetja lítil iðnaðarfyrirtæki sem myndu skapa vinnu samhliða bústörfum. Sveitarstjórnarmönnum á Hvammstanga finnst að það þyrfti að finna rekstrarhæf iðnfyrirtæki sem flytja mætti á staðinn eða stofna ný. Sveitarfélög og hið opinbera geta best komið inn í uppbyggingu atvinnulífs með því að hlúa að fyrirtækjum og stuðla að hagstæðu framleiðslumhverfi. Skortur á iðnaðarhúsnæði á svæðinu gæti hamlað nýsköpun á þessu sviði. Sumum sveitarstjórnarmönnum finnst einnig vera skortur á frumkvöðlum á svæðinu.

Svæðið ætti þó að hafa möguleika til eflingar iðnaðar. Báðir þéttbýlisstaðirnir, Hvammstangi og Laugarbakki, hafa marga kosti fyrir uppbyggingu iðnaðar. Þar er næg orka, heitt vatn, báðir staðirnir liggja miðsvæðis í sýslunni og ágætlega við samgöngum á helstu markaðina innanlands. Möguleikar Vestur-Húnavatnssýslu til orkufreks iðnaðar eru svipaðir mörgum öðrum svæðum á landinu. Hafnarskilyrði eru með besta móti þar sem Miðfjörður er djúpur og innsigling hrein auk þess að þar er nær algjört skjól fyrir úthafsöldu. Landrými við Miðfjörð er einnig mikið. Tenging við byggðalínu er tiltölulega auðveld. Sá möguleiki sem helst hefur verið nefndur í sambandi við jarðefnavinnslu á svæðinu er títanvinnsla úr gabbróinnskotum í Viðidalsfjalli.

Helstu heimildir:
Upplýsingar frá iðnaðarfyrirtækjum í Vestur-Húnavatnssýslu
Gagnabrunnur Byggðastofnunnar
Staðarval fyrir orkufrekan iðnað, Iðnaðarráðneytið

7 EINKAREKIN ÞJÓNUSTA

7.1 INNGANGUR

Einkarekin þjónusta er töluverð á svæðinu. Uppbygging hennar hefur miðast við að sinna þörfum heimamanna eða umferðarinnar um þjóðveginn. Í þessum kafla er stuttlega fjallað um framboð á þjónustu og í lok kaflans eru gæði hennar fyrir íbúa svæðisins og framtíðarmöguleikar metnir.

7.1.1 Matvöruverslanir

Stærsti verslunaraðilinn á svæðinu er Kaupfélag Vestur-Húnavatnings (KVH). Kaupfélagið rekur stóra matvöruverslun á Hvammstanga og sækja íbúar svæðisins verslun þangað auk þess að íbúar Bæjarhrepps í Strandasýslu versla gjarnan á Hvammstanga. Á móti kemur að hluti íbúa Staðarhrepps sækir verslunarþjónustu að einhverju leyti til Kaupfélags Hróttfirðinga á Borðeyri.

Ein önnur matvöruverslun er á svæðinu en það er verslunin Tröllagarður á Laugarbakka sem sinnir að stærstum hluta íbúum á Laugarbakka svo og ferðamönnum.

7.1.2 Sérverslanir

KVH rekur, auk matvöruverslunar, nokkrar sérvörudeildir og pöntunarþjónustu. Íbúar héraðsins geta því verið sjálfum sér nógir með verslun á byggingarvörum, rafmagnstækjum, vefnaðarvörum og bókum og ritföngum svo eitthvað sé nefnt. Auk verslunardeilda KVH reka nokkrir aðilar sérvöruverslanir á Hvammstanga sem þjóna allri sýslunni. Verslunin Mirra á Hvammstanga selur fatnað, gjafavöru og smávöru auk þess að sjá um ýmsa aðra þjónustu. Verslunin Hlín er sérverslun með föndur- og gjafavörur. Lyfsala er á Hvammstanga og er hún rekin í tengslum við heilsugæslustöðina. Raftækjaverslun er einnig á Hvammstanga í tengslum við rafeindaverkstæði Odds Sigurðarsonar.

7.1.3 Framleiðslutengd verslunarþjónusta

Nokkur framleiðslufyrirtækjanna í sýslunni hafa opnar sölubúðir í einhverju formi til að koma sinni eigin vöru betur á framfæri á heima- markaðinum og/eða ferðamannamarkaðinum. Rebekka - saumastofa og Leirstofa Kollu, sem eru með framleiðslu í sama húsnæði, hafa opna sölubúð nokkra daga í viku. Einar Esrason gullsmiður er með litla skartgripasölubúð í vinnustofu sinni. Saumastofan Borg hf. er með opna sölubúð á sumrin sem nær eingöngu er nýtt af ferðamönnum og þá helst af skipulögðum hópferðum ferðaskrifstofa. Ferðamenn eru einnig aðal viðskiptavinir Gallerí Bardúsa sem sér um sölu á handverki úr sýslunni. Þar sem flestir viðskipavina Bardúsa eru ferðamenn hefur opnunartíminn verið miðaður við þann markað. Saumastofan Drífa hf. er öllu jöfnu ekki með sölubúð en er alltaf

með einhverjar vörur til sölu beint til neytenda auk þess að vera með sérstakar útsölur reglulega.

Garðyrkjustöðin Skrúðvangur á Laugarbakka og Gróðrarstöð Huldu Einarsdóttur á Reykjum í Hrutafirði hafa ekki sérstaka sölubúð en töluvert er um að heimamenn kaupi blóm og grænmeti beint úr gróðurhúsunum.

Brauð og kökugerðin á Hvammstanga rekur ekki smásöluverslun, heldur selur framleiðslu sína hjá verslunum. Kökugerðin tekur þó við sérpöntunum.

7.1.4 Söluskálar

Nokkrir söluskálar eru reknir á svæðinu, sem þjóna bæði heimamönnum og ferðamönnum. Staðarskáli í Hrutafirði er þeirra stærstur og þekktastur og byggir þjónustu sína fyrst og fremst á umferðinni um þjóðveginn. Það sama gildir um Víðigerði í Víðidal. Söluskálinn á Hvammstanga sinnir fyrst og fremst heimamarkaði á Hvammstanga en þjónustan er einnig nýtt af öðrum íbúum svæðisins og ferðamönnum.

7.1.5 Bankaþjónusta

Einn starfandi banki er á svæðinu, Sparisjóður Vestur-Húnavatnssýslu á Hvammstanga. Hann rekur hraðbanka í Staðarskála.

7.1.6 Þjónusta iðnaðarmanna

Vestur-Húnavetningar eru sjálfum sér nógir þegar kemur að þjónustu iðnaðarmanna. Á svæðinu búa og starfa múrarar, húsmiðir, rafvirkjar, raftækjaviðgerðamenn, pípulagningamenn, málarar og bólstrari. Íbúar svæðisins þurfa því ekki að leita langt að þessari þjónustu.

7.1.7 Bifreiða- og vélþjónusta

Þrjú bifreiðaverkstæði eru starfandi á svæðinu, á Laugarbakka, á Hvammstanga og í Víðigerði. Framboð á þessari þjónustu ætti því að vera nægilegt í sýslunni. Auk almennra bifreiða- og búvélaviðgerða er bílamálari starfandi á Hvammstanga og verkstæðið þar getur sinnt sérhæfðari bifreiðaviðgerðaþjónustu.

Bifreiðaskoðun hefur útibú á Blönduósi en er með færistöð sem kemur nokkrum sinnum á ári til Hvammstanga. Verkstæðið í Víðihlíð er það eina á svæðinu sem er með löggildingu til endurskoðunar.

Vélsmiðja er starfandi á Hvammstanga sem þjónar atvinnuvegum svæðisins, ekki minnst sjávarútveginum.

Bíla- og bílapartasölur eru nokkrar á svæðinu en sinna þá mun stærra svæði en Vestur-Húnavatnssýslu, oft í umboðssölu. Bíla- og búvélasalan á Hvammstanga er þeirra öflugust og selur um allt land. Bíla- og búvélasalan hefur einnig keypt Græna hjólið, sem er búvélamíðlun fyrir vélar, tæki og varahluti og kemur á sölusambandi milli bænda um allt land. Bílasala er skráð á Hvammstanga en hefur haft lítil umsvif undanfarin ár.

Fimm bensinstöðvar eru í sýslunni, í Staðarskála, á Laugarbakka, í Sölu-skálanum á Hvammstanga, á Þorfinnsstöðum í Þverárhrepp og í Víðigerði. Íbúar svæðisins þurfa því ekki að aka langar vegalengdir til að nálgast slíka þjónustu.

7.1.8 Vöru- og fólksflutningar

Almenningssamgöngur eru á vegum fyrirtækja utan svæðisins eins og fram kemur í köflum 8 og 11 um ferðaþjónustu og samgöngur. Tveir aðilar reka hópferðabíla og sinna verkefnum innan svæðisins, en fyrst og fremst eru þeir bókaðir um allt land gegnum Hópferðamiðstöðina í Reykjavík. Einn aðili sér um leigubílaakstur, en verkefni eru tilfallandi.

KVH og Vöruflutningar Braga Arasonar sjá um vöruflutninga til og frá svæðinu. Fimm menn eru skráðir í vörubílstjórafélag Vestur-Húnavatns-sýslu en verkefni hafa oft ekki verið nægileg fyrir þessa aðila. Vöruflutningaaðili á Blönduósi sér um flutninga á vörum frá heildsölum þar og áfengisversluninni og kemur tvisvar í viku. Að auki sjá tveir aðilar á svæðinu um útkeyrslu á bensíni og olíu.

7.1.9 Verktakar og vinnuvélar

Það ætti ekki að þurfa að leita út fyrir svæðið að verktaka- og vinnuvélaþjónustu þar sem nokkrir aðilar í sýslunni sinna þeirri þjónustu. Steypustöð er á Hvammstanga en flestir aðrir verktakar og vinnuvélamenn eru dreifðir um sveitirnar. Þetta eru oft bændur sem hafa fjárfest í gröfum, snjómoksturs-tækjum, krönum, tækjum til girðingarvinnu og fleiru og hafa flestir verk-takavinnu sem aukavinnu.

7.1.10 Líkamsrækt og fegurð

Tvær hágreiðslustofur eru á Hvammstanga, tvær nuddstofur og ein snyrti-stofa. Stúdíó Stína er með heilsurækt og leikfimi en auk þess getur almenningur stundað hópíþróttir á vissum tímum í íþróttasal á Laugarbakka og sund í sundlaugum svæðisins í Reykjaskóla, á Laugarbakka og á Hvammstanga.

7.1.11 Hreingerningar- og veitingaþjónusta

Smurbrauðsstofa Stellu, sem að öllu jöfnu sér Hvammstangabúum fyrir samlokum, býður veisluþjónustu á léttum veitingum. Auk veitingasölu býður Staðarskáli einnig veitingaþjónustu eftir pöntunum.

Dagbjört Jónsdóttir er eini aðilinn á svæðinu sem starfrækir hreingerningarþjónustu. Önnur hreingerning hjá fyrirtækjum er á þeirra eigin vegum.

Þvottahúsið Perlan á Hvammstanga er eina þvottahús svæðisins en almenn-ingur og ferðamenn geta einnig nýtt sér þvottaaðstöðu í húsnæði Sundlaugar Hvammstanga. Fatahreinsun er sótt til Blönduóss og er verslunin Mirra umboðsmaður hennar.

7.1.12 Dýralæknir og tamningar

Héraðsdýralæknir á Hvammstanga, sér um alla dýralæknaþjónustu.

Fjöldi fólks stundar hestatamningar en líklega eru einungis 2-3 aðilar sem hafa umtalsverðar tekjur af tamningum.

7.1.13 Bókhalds- og ráðgjafþjónusta

Tvær bókhaldsþjónustur eru í sýslunni, Bókhaldsstofa Hauks Friðrikssonar á Hvammstanga og bókhaldsþjónusta Reynis Jóhannessonar á Laugarbakka. Að auki er viðskiptaþjónusta Döggva sf. með bókhaldsþjónustu. Þessar bókhaldsstofur sjá um nær allt bókhald fyrirtækja og býla á svæðinu þeirra sem á annað borð færa það ekki sjálfir. Búnaðarráðnautur færir einnig bókhald fyrir nokkur býli. Bókhaldsþjónusturnar sinna oft verkefnum fyrir aðila utan svæðisins, þá helst í Austur-Húnavatnssýslu.

Búnaðarsamband Vestur-Húnavatnssýslu er með ráðnaut í fullu starfi sem sinnir ráðgjöf til bænda auk upplýsingaöflunar til heildarsamtaka bænda.

Hagfélagið ehf., sem að mestu er í eigu Héraðsnefndar Vestur-Húnavatnssýslu og fyrirtækja á svæðinu, veitir almenna ráðgjafþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og félagasamtök á svæðinu. Hagfélagið er með einn starfsmann í fullu starfi sem sinnir allri sýslunni. Döggvi sf. er einnig með almenna atvinnuráðgjafþjónustu en hluti verkefna fyrirtækisins er ráðgjöf á öðrum svæðum.

Ráðbarður sf. veitir verkfræði- og tækniráðgjöf.

Fasteignasalan Bústaður var stofnuð 1996 og sinnir fasteignasölu á öllu Norðurlandi vestra og víðar.

Einn löggiltur skjalapýðandi á þýsku býr á svæðinu, Gudrun Kloes á Brekkulæk, en flest hennar verkefni eru fyrir aðila utan svæðisins.

7.1.14 Útgáfufyrirtæki, prentun og fjölmiðlar

Prentsmiðjan Húnaprent á Laugarbakka sér Vestur-Húnavetningum fyrir stórum hluta prentþjónustu. Ef gefa á út bækur eða ljósmyndabæklinga þarf þó að kaupa þjónustu annars staðar frá og er mest um að leitað sé til aðila í Reykjavík eða á Akureyri.

Ungmennafélagið Kormákur á Hvammstanga gefur út sjónvarpsblaðið Sjónaukann sem þjónar því hlutverki að vera helsti auglýsingamiðillinn innan héraðs. Helstu fjölmiðlar landsins og fjórðungsins hafa fréttaritara og umboðsmenn á staðnum.

7.1.15 Skemmtun og afþreying

Þrjú félagsheimili eru í sýslunni, á Laugarbakka, Hvammstanga og í Víði-hlíð. Félagshheimilin gegna hlutverki sem menningar- og skemmtanaaðstaða heimamanna og eru mest nýtt til tónleika- og dansleikjahalds, auk funda. Í félagsheimilinu á Hvammstanga eru einnig stöku sinnum leiksýningar og kvikmyndasýningar.

Sérstakar krár eru engar á svæðinu en Selið og Staðarskáli sinna þeirri þjónustu.

Fjórar myndbandaleigur eru á svæðinu, ein á Laugarbakka og þrjár á Hvammstanga. Myndbandaleiga er aðeins hluti af þjónustu þessara fyrir-tækja utan eins þeirra.

7.1.16 Önnur þjónusta

Netagerð Vestfjarða er með útibú á Hvammstanga sem sinnir þörfum sjávarútvegsins.

Nokkuð er um að býli taki börn frá þéttbýlisstöðum til sumardvalar gegnum heildarsamtök landbúnaðarins. Þó að þessi þjónusta snúi lítið að heima-mönnum hefur hún skapað nokkrar aukatekjur fyrir þá bændur sem í hlut eiga.

Fjöldi umboðsmanna fyrir þjónustufyrirtæki í Reykjavík og Akureyri eru á svæðinu. Á Hvammstanga er umboð fyrir fjögur tryggingarfélag, eina ferða-skrifstofu, tvær framköllunarþjónustur, Félag íslenskra bifreiðaeigenda, fjögur happdrætti og fyrir Eimskip.

Tvær björgunarsveitir eru á svæðinu, Björgunarsveitin Káraborg á Hvammstanga og Flugbjörgunarsveit Vestur-Húnavatnssýslu sem hefur höfuðstöðvar sínar á Reykjum í Ytri-Torfustaðahreppi. Slökkvitækja-þjónusta er starfrækt á Hvammstanga.

7.2 GÆÐI ÞJÓNUSTUNNAR

Framboð á einkarekinni þjónustu virðist vera í góðu horfi og reyndar mjög fjölbreytt miðað við mannfjölda í Vestur-Húnavatnssýslu. Töluvert af þeirri þjónustu sem í boði er á svæðinu hefur fyrst og fremst byggst á þjónustu við umferð um þjóðveginn en nýtist einnig heimamönnum og hefur vissulega aukið fjölbreytni þeirrar þjónustu sem í boði er.

Hvammstangi er helsta þjónustumiðstöð svæðisins og er vel í sveit sett, miðsvæðis í sýslunni. Vegalengdir innan sýslunnar til Hvammstanga eru mestar um 60 kílómetrar og virðast íbúarnir ekki setja þá fjarlægð fyrir sig.

Verðlag í verslunum KVH hefur komið nokkuð vel út í verðkönnunum fyrir matvöruverslanir á Norðurlandi vestra. Íbúar svæðisins virðast vera almennt ánægðir með verslunar- og pöntunarþjónustu kaupfélagsins. Verðlag á annarri þjónustu þykir sambærilegt við nálæg svæði. Góðar samgöngur til þéttbýlis í suðri og austri virðist að auki hafa gert sitt til að halda samkeppnisvitund einkarekinna þjónustufyrirtækja vakandi.

Aðgengi að þjónustu og opnunartímar hafa einnig fylgt þessari þróun að hluta. Matvöruverslanir eru opnar alla daga til 18 eða 19 nema sunnudaga. Meira misvægi virðist gæta í opnunartíma annarra verslana og þjónustu. Algengt er að þjónusta sé ekki opin fyrir hádegi og það er regla frekar en undartekning að lokað sé í hádeginu. Íbúar svæðisins hafa aðlagð sig að þessum mismunandi opnunartíma og gera almennt ekki kröfur um auka þjónustu.

7.3 FRAMTÍÐARMÖGULEIKAR

Nærri því frá löggildingu verslunarhafnar á Hvammstanga hafa verið þar fleiri en ein alhliða verslun. Eftir að verslun Sigurðar Pálmasonar hætti rekstri, hafa nokkrir aðilar reynt fyrir sér í alhliða verslunarrekstri í samkeppni við verslun KVH, en ekki orðið ágengt. Líklegt má teljast að Hvammstangi og Vestur-Húnavatnssýsla beri ekki fleiri verslanir en nú eru starfandi. Sérvöruverslanir sem eru í rekstri virðast hafa náð nokkuð góðum rekstrargrundvelli svo ekki er búist við að þeim fækki. Þrátt fyrir minnkandi samkeppni í matvöruverslun innan svæðisins hefur velta verslunardeilda KVH staðið nokkurn veginn í stað síðustu árin. Ástæða þess eru bætтар samgöngur og þar af leiðandi aukin samkeppni við stórmarkaði á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Verslun á svæðinu þarf því að vera samkeppnisfær við verslanir á nokkuð stóru svæði og haga innkaupum og stjórnun á rekstrarkostnaði í samræmi við þá staðreynd.

Bætтар samgöngur og breytt þjófélög hafa einnig aukið kröfur heimamanna um betri þjónustu. Íbúafjöldi og þar af leiðandi velta fyrirtækjanna á svæðinu, ber þó líklega ekki kostnaðinn við aukna þjónustu í formi rýmri opnunartíma og lækkandi verðlags. Þessir ósamræmanlegu þættir gætu leitt til nokkurra vandamála í framtíðinni og þjónustuaðilar á svæðinu verða að vera vel á verði og fylgja breyttum tímum og auknum kröfum eins og þeir hafa bolmagn til.

Íbúar Vestur-Húnavatnssýslu eru almennt nokkuð sáttir við framboð og gæði þjónustunnar sem í boði er. Þó eru það nokkrir þjónustubættir einkaaðila sem heimamönnum finnst að beri að bæta.

Íbúar svæðisins eru almennt nokkuð sáttir við bankaþjónustu Sparisjóðsins á Hvammstanga. Þó hefur lengi verið í umræðunni að koma upp útibúi banka eða sparisjóðs í Staðarskála með lágmarksþjónustu. Slík þjónusta myndi fyrst og fremst þjóna þeim fjölmörgu ferðamönnum sem þar hafa viðdvöl. Það sem helst hefur hamlað uppsetningu bankaútibús í Staðarskála er skortur á húsnæði. Um leið og það yrði til reiðu er mjög líklegt að bankaþjónusta fylgdi í kjölfarið.

Nokkur óánægja er með að bifreiðaskoðun sé ekki á Hvammstanga, enda óska margir eftir tíðari heimsóknnum færistöðvarinnar.

Engin lögfræðiþjónusta er á svæðinu og þykir sumum hana skorta.

Það hefur lengi verið uppi sú hugmynd að gera aðstöðu fyrir umlestun flutningabíla og vörugeymslu við Staðarskála. Staðarskáli er vel staðsettur með tilliti til slíkrar þjónustu, miðja vegu milli Reykjavíkur, Akureyrar og Ísafjarðar. Uppbygging á slíkri þjónustu myndi skapa ágætlega launað hlutastarf fyrir 1-2 menn auk þess að skila sér í betri nýtingu á veitingaþjónustunni á staðnum.

Helstu heimildir:

Upplýsingar frá þjónustuaðilum í Vestur-Húnavatnssýslu

8 FERÐAÞJÓNUSTA

8.1 INNGANGUR

8.1.1 Almenn

Ferðaþjónusta í Vestur-Húnavatnssýslu hefur verið ört vaxandi atvinnugrein síðustu ár og fylgt þar þróun um land allt. Uppbygging síðustu ára hefur verið mest í gistipjónustunni en einnig hefur verið töluverð uppbygging í afþreyingar- og veitingaþjónustu auk annars sem á einn eða annan hátt þjónar ferðamönnum.

Ferðaþjónusta sker sig úr öðrum atvinnugreinum að því leyti að oft er erfiðleikum bundið að skilgreina hvaða fyrirtæki tilheyra ferðaþjónustu alveg, hver að hluta og hver alls ekki. Í raun tengjast flestir, ef ekki allir, atvinnuvegir og atvinnugreinar á einn eða annan hátt ferðaþjónustu þó að meginuppistaða veltu fyrirtækjanna sé ótengd henni. Þrátt fyrir eðli ferðaþjónustunnar og þessa erfiðleika í að skilgreina fyrirtæki sem tilheyra greininni eru það þó nokkrir þættir sem allflestir eru sammála um að heyri undir ferðaþjónustu. Þetta eru hinir svokölluðu grunnþættir ferðaþjónustunnar sem verða lagðir til grundvallar í þessum kafla:

- Gisting
- Veitingar
- Afþreying
- Þjónusta við ferðamenn
- Samgöngur

8.1.2 Saga ferðaþjónustu á svæðinu

Fyrstu ferðaþjónustuaðilarnir á svæðinu tengdust þjónustu við ferðalanga er þurftu, vinnu sinnar vegna, að ferðast um landið eða þá að þjónusta byggðist upp í þéttbýlisstöðum fyrir bændur í verslunarferðum. Um síðustu aldamót var einnig byrjað að þjónusta erlenda laxveiðimenn í sýslunni. Veiðihús sem byggt var í landi Stóru-Borgar í Vesturhópi er líklega fyrsta veiðihúsið á landinu.

Uppbygging ferðaþjónustu á svæðinu hefur síðan að miklu leyti fylgt uppbyggingu vegasamtenginga og samgangna um svæðið. Staðsetningin miðja vega milli Reykjavíkur og Akureyrar hefur reynst afar mikilvæg. Síðustu ár og áratugi hefur áherslan verið nokkuð að breytast og meira verið um að ferðaþjónusta sé byggð upp utan þjóðvegans og byggist þá á afþreyingu eða náttúruskoðun innan svæðisins.

8.1.3 Atvinna og tekjur af ferðaþjónustu

Þrátt fyrir að ferðaþjónusta hafi verið stunduð á Íslandi frá aldaöldli fór hún ekki að skipta þjóðarþúíð neinu verulegu máli fyrr en upp úr 1970 og jafnvel ekki fyrr en eftir 1985. Ferðaþjónusta hefur heldur ekki átt sér neinn einn sterkan málsvara svipað og Bændasamtökin fyrir landbúnaðinn. Þar af

leiðandi eru tölfræðilegar upplýsingar um greinina mjög takmarkaðar. Samkvæmt viðtölum við ferðapjónustuaðila var heildarvelta af ferðapjónustu áætluð rúmar 207 miljónir króna árið 1995 í Vestur-Húnavatnssýslu. Í þessum tölum felst öll velta fyrirtækja í „hreinni” ferðapjónustu auk áætlaðs hlutfalls í nokkrum fyrirtækjum sem bæði þjónusta heimamenn og ferðamenn. Í þessari tölu er ekki velta verslana, banka, bifreiðaverkstæða né fleiri fyrirtækja sem ekki treystu sér til að áætla það hlutfall veltu sinnar sem rekja mætti til kaupa ferðamanna á vörum og þjónustu. Þrátt fyrir að þessar tölur vanti í áætlaða heildarveltu ferðapjónustu á svæðinu sýnir veltutalan hversu mikilvæg atvinnugreinin er orðin í Vestur-Húnavatnssýslu.

Í sömu viðtölum kemur fram að ársverk innan ferðapjónustu eru um 39. Um helmingur þessara stöðugilda eru vegna heilsársstarfa en vegna þess að langmest eftirspurn eftir ferðapjónustu er á sumrin skapar ferðapjónustan á svæðinu mörg tímabundin störf yfir sumarmánuðina. Hluta þessara starfa hefur verið sinnt af fólki sem alla jafna býr í öðrum landshlutum. Meginhluti sumarstarfanna fellur þó í hlut heimamanna oft sem eigin starfsemi bænda eða að vinna skapast fyrir skólafólk og kennara af svæðinu.

8.2 GISTING

Gisting er einn af þeim þáttum ferðapjónustu sem er nauðsynlegur til að ferðapjónusta geti þróast en er ekki ein og sér hvati til ferðar. Gististaðir eru mjög mismunandi að gerð, í verði og í þjónustu. Gististöðum er hægt að skipta niður í heilsárs- og sumarhótel, gistihús, veiðihús, bændagistingu, farfuglagistingu, sumarbústaði, svefnpokagistingu í sölum og tjaldsvæði. Allar þessar gerðir gistingar er að finna í Vestur-Húnavatnssýslu. Á svæðinu er eitt nýtt gistihús, tvö Edduhótel, eitt lítið hótél á Hvammstanga, tvö farfuglaheimili, fimm aðilar bjóða gistingu undir merkjum Ferðapjónustu bænda, ein bændagisting er utan samtaka um ferðapjónustu bænda, einn skóli býður fólki svefnpokaplássgistingu, sex sumarhús eða uppgerð bændabýli eru leigð út til ferðafólks, nokkrir fjalla- og gangnamannaskálar standa ferðamönnum til boða fyrir svefnpokaplássgistingu og veiðihús eru rekin í tengslum við laxveiðiárnar þrjár. Fimm tjaldsvæði eru í sýslunni, við Staðarskála, við Sæberg, á Laugarbakka, í Kirkjuhvammi við Hvammstanga og við Vesturhópsskóla. Aðstaða á þessum tjaldsvæðum og þjónusta þeim tengd er mjög mismunandi. Auk alls þessa eru félagsheimilin á svæðinu leigð út fyrir ættarmót, fjölskyldusamkomur og aðrar samkomur og um 40 sumarbústaðir eru í einkaeign.

Lengi vel var uppbygging gistipjónustu lítil og hægfara eða þar til á sjöunda áratugnum þegar sala á laxveiðileyfum varð markvissari og veiðihús fóru að verða algengari. Á sama tíma byrjaði starfsemi Eddu-hótelanna sem jókst síðan enn meir á áttunda áratugnum. Síðustu 10 árin hefur síðan orðið nokkurs konar sprenging í gistiframboði. Á síðustu fimm árum hefur framboð gistirúma á sumrin fjölgað úr 297 í 419, eða um 122. Inni í þessari tölu er ekki gistirými í fjallaskálum, gangnamannaskálum, né gistirými í sumarbústöðum sem eru í einkaeigu. Heildargistirými fyrir ferðamenn í sýslunni er því nær 500 rúm.

Mikill munur er á framboði gistirýmis sumar og vetur. Árið 1995 minnkaði framboð gistirýmis niður í um 208 rúm á veturna, eða um 211 rúm. Þar munar mest um Edduhótelin tvö og veiðihúsin sem eðli sínu samkvæmt eru einungis opin yfir sumarmánuðina. Ef veiðihúsin eru undanskilin, þar sem sala á þeirri gistingu er ekki til leigu fyrir hefðbundna ferðamenn, er gistirými á svæðinu 374 rúm á sumrin.

Helstu markaðirnir fyrir gistiþjónustu í Vestur-Húnavatnssýslu hefur verið einna náttu gisting ferðafólks á leið gegnum svæðið eða þá tengt afþreyingu á svæðinu og þá sérstaklega veiði (lax, silungur, gæsir).

8.2.1 Atvinna, velta og nýting fjárfestinga í gistiþjónustu.

Miðað við hversu mikið framboð er á gistirými í sýslunni skilar gistiþátturinn hlutfallslega lítilli veltu. Áætluð velta gistiþjónustunnar var rúmar 25 miljónir króna árið 1995 eða 12% af heildarveltu ferðaþjónustunnar á svæðinu. Það er þó vert að benda á að tvær veiðiánnar eru leigðar með veiðihúsum til leigutaka utan svæðisins og veltan sem það skapar í sýslunni er færð einhliða á afþreyingarþáttinn. Gistiþátturinn skapar rúmlega sex ársverk, en það er 16% af atvinnu við ferðaþjónustu á svæðinu. Hafa ber þó í huga að afþreyingarþátturinn skekkir myndina töluvert, þar sem stór hluti af veltu veiðileyfasölnunnar skapar ekki störf innan ferðaþjónustu, en skilar sér í auknum tekjum til landeigenda sem flestir eru bændur á svæðinu.

Afskaplega takmarkaðar upplýsingar eru um nýtingu gistirýmis á svæðinu. Því er nærtækast að miða við nýtingu á gistirými á Norðurlandi vestra í heild. Árið 1994 voru heildargistinætur á hótelum og gistiheimilum í kjördæminu 36.362 sem er um 3% af heildargistinóttum á landinu öllu. Þetta hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt síðustu 10 árin. Nýtingarhlutfallið hefur þó heldur farið niður á við síðasta áratuginn og var 22% á herbergjum á Norðurlandi vestra 1994 meðan hún var að meðaltali 40% á landinu öllu.

8.2.2 Framtíðarmöguleikar gistiþjónustu.

Miðað við núverandi nýtingu gistiþjónustu virðist ekki vera grundvöllur fyrir frekari uppbyggingu gistirýmis á svæðinu. Mest þörf er á að auka og bæta þjónustu við tjaldsvæði vegna örar þróunar aðstöðu á tjaldsvæðum annars staðar á landinu. Gistiþjónustan á svæðinu er mjög misvönduð og í mismunandi verðflokkum. Fjölbreytileiki gistiþjónustunnar gæti verið ein af sterkari hliðum svæðisins þar sem það gefur möguleika á fjölbreyttari markhópum þegar markaðssett er. Eigendur gististaðanna þurfa að auka kynningu á þjónustu sinni og á héraðinu í heild auk þess að reyna að stuðla að sem mestum framgangi afþreyingar á svæðinu þar sem hún er líklegust til að skila árangri í aukinni nýtingu gistiþjónustunnar.

Nýting gistiþjónustunnar, arðsemi hennar og atvinnusköpun hefur verið nær eingöngu yfir sumarmánuðina. Mennt eru sammála um að brýnt sé að auka nýtinguna á gistingunni sérstaklega utan hins hefðbundna ferðamannatíma. Gistiþjónustuaðilar þurfa að vera í samstarfi við þá er sinna afþreyingu og grunnvinnslu á svæðinu til að lengja ferðamannatímabilið.

Æskilegt er að komið verði upp gæðaflokkunarkerfi í gistiþjónustu á Íslandi til að hægt sé að meta gæði aðstöðu og þjónustu einstakra gististaða. Slíkt kerfi myndi einnig hvetja eigendur gististaða til að bæta aðstöðu sína og þjónustu í samræmi við kröfur markaðarins. Ferðaþjónusta bænda hefur flokkað gististaði innan sinna vébanda eftir gæðum og hefur það kerfi þótt þjóna vel hagsmunum neytandans og auka gæði þess þáttar gistiþjónustunnar.

8.3 VEITINGASALA

Veitingasala er mikilvæg atvinnugrein á svæðinu vegna þess að hringvegurinn liggur um sýsluna miðja vegu milli Reykjavíkur og Akureyrar. Stærsti veitingasöluaðili svæðisins, Staðarskáli, hóf veitingasölu árið 1960 og hefur sú starfsemi verið í stöðugum vexti síðan jafnhliða auknum ferðum Íslendinga og útlendinga um landið.

Á svæðinu eru fimm veitingastaðir með vínveitingaleyfi, tveir þeirra eru aðeins starfræktir á sumrin. Þessi veitingarekstur er ávallt í tengslum við gistiþjónustu og oft aðra þjónustu. Að auki bjóða nokkrir gististaðir og tvö veiðihúsanna upp á veitingaþjónustu. Auk alls þessa býður Söluskálinn á Hvammstanga upp á skyndirétti.

Langmikilvægustu kaupendur veitinga eru ferðamenn og þeir sem atvinnu sinnar vegna ferðast gegnum svæðið. Á veturna er eftirspurnin meira bundin heimamarkaði og helgarumferð. Aðdráttarafli staða utan svæðisins er þessari þjónustu því ekki síður mikilvægt en aðdráttarafli svæðisins sjálfs. Sérstakir viðburðir og uppákomur á Norðurlandi og færð og veður í landsfjórðungnum eru þeir þættir sem skipta afkomu þessarar atvinnugreinar mestu yfir vetrarmánuðina.

8.3.1 Atvinna, velta og nýting fjárfestinga í veitingasölu

Samkvæmt upplýsingum frá veitingasöluáðilum í sýslunni velti veitingaþjónusta svæðisins rétt rúmlega 100 miljónum árið 1995, sem er 48% af heildarveltu ferðaþjónustunnar á svæðinu. Velta veitingaþjónustunnar skapar 21 ársverk sem er 53% heildarársverka vegna ferðaþjónustu á svæðinu.

Það er ógerlegt að mæla nýtingu fjárfestinga í veitingasölu á svæðinu. Þó er ljóst að margar fjárfestinganna eru ónýttar utan sumarmánuðina. Sú veitingasala sem starfrækt er allt árið dregst einnig verulega saman utan aðal ferðamannatímabilsins.

8.3.2 Möguleikar til að bæta nýtingu og efla veitingaþjónustu.

Möguleikar til að auka veitingaþjónustu eru nátengdar eflingu ferðaþjónustu á svæðinu og á Norðurlandi almennt. Öflug markaðssetning á veitingaþjónustu miðsvæðis er mikilvæg í þessu sambandi. Á veturna getur veður og færð verið veitingaþjónustunni til trafala. Betri vegasamgöngur landleiðis og breytt ímynd fólks af höfuðborgarsvæðinu um hina „torfögnu“ Holtavörðuheiði skiptir þessa atvinnugrein miklu máli.

8.4 Afþreying

Með afþreyingu sem stundum er nefnd dægradvöl er átt við möguleika ferðamanna og heimamanna til að stunda útivist, skemmtun eða fræðslu í frítíma sínum. Afþreying getur verið skipulögð af þjónustuaðila gegn greiðslu þátttakenda eða aðstaða til að njóta afþreyingar án þess að bein greiðsla fyrir hana fari fram. Öfugt við aðra grunnþætti ferðaþjónustunnar geta möguleikar til afþreyingar verið hvati til ferðar.

Eins og áður hefur verið nefnt stendur þjónusta við laxveiðimenn á gömlum merg. Þrjár laxveiðiár eru á svæðinu og ógrynni silungsveiðivatna og áa. Miklar tekjur hafa fengist af sölu laxveiðileyfa á svæðinu. Sala silungsveiðileyfa hefur hins vegar verið takmörkuð en fer vaxandi. Veiðileyfasala hefur alveg verið bundin við sumar og fyrrihluta hausts. Á allra síðustu árum hefur verið gerð tilraun með sölu dorgveiðileyfa seinnipart vetrar og snemma á vorin.

Á haustin og fyrripart vetrar er víða góð gæsa- og rjúpnaveiði innan sýslunnar. Sú afþreying hefur stuðlað að nokkurri lengingu ferðamanna-tímabilsins og betri nýtingu gistipjónustu.

Arinbjörn Jóhannsson á Brekkulæk býður upp á lengri hesta-, göngu- og hjólreiðaferðir sem eingöngu eru nýttar af erlendum ferðamönnum. Hann hóf starfsemi sína með smáu sniði árið 1978 en hefur stöðugt aukið umfang þessarar afþreyingarþjónustu með öflun markaða.

Hestaleiga er í Galtanesi og er þar boðið upp á styttri hestaferðir. Hefur sú starfsemi farið vaxandi en er þó ennþá bundin aðalferðamannatímabilinu.

Frá Staðarskála er boðið upp á ferðir um Vestur-Húnavatnssýslu, Borgarfjörð, Strandir og Snæfellsnes, gönguferðir á hálsa Hrútafjarðar auk sérstakra vetrarferða, dorgveiðiferða og snjósleðaferða seinni part vetrar á heiðar svæðisins. Framboð þessara ferða er enn á tilraunastigi og óvíst með framtíð þeirra.

Frá Laugarbakka er boðið upp á ferðir á Arnarvatnsheiði á sumrin. Starfsemin hefur verið lítil enda hefur ekki verið lagt í mikinn kostnað við uppbyggingu og kynningu ferðanna. Miðað við það þykir tilraunin hafa tekist ágætlega.

Þrjár sundlaugar eru á svæðinu á Hvammstanga, Laugarbakka og Reykjum. Sundlaugin á Hvammstanga er nýjust, stærst og býður upp á mesta þjónustu enda er hún töluvert sótt og er mikil lyftistöng fyrir ferðaþjónustu á staðnum. Nú er verið að byggja upp aðstöðu við tvær heitar laugar við Hveraborg á afrétti Staðhreppinga. Laugarnar hafa vakið mikla eftirtekt og er vonast til að hægt verði að nýta þær til að auka ferðamannastraum, ekki síst yfir vetrarmánuðina.

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna er í Reykjaskóla. Safnið er nokkuð stórt og meðal safngripa er eina íslenska hákarlaveiðiskipið sem varðveist hefur. Safnið er með fastan opnunartíma á sumrin en er lokað á veturna nema með sérstöku samkomulagi. Verslunarmínjasýningu var komið upp sumarið 1995 á Hvammstanga í tengslum við 100 ára verslunar-

afmæli staðarins. Í framhaldi af henni var stofnað Verslunarminjasafn sem rekið er í samvinnu við Gallerí Bardúsa.

Lítið er um merktar gönguleiðir á svæðinu. Ferðamálafélag V-Hún. er að vinna að göngukortum fyrir svæðið sem áætlað er að komi út á næstu árum.

Sumarið 1994 var í fyrsta sinn haldin sumarhátíðin „Bjartar nætur”. Hátíðin þótti takast vel og hefur verið haldin árlega síðan.

8.4.1 Atvinna og velta afþreyingarþjónustu.

Heildarvelta afþreyingarþjónustu á svæðinu var áætluð tæplega 73 milljónir króna árið 1995 eða 34% af veltu ferðarþjónustu svæðisins. Greinin skapar þó ekki nema 6 ársverk sem er 15% af störfum í ferðarþjónustu. Ástæða þessa er að langstærstur hluti teknanna fæst með sölu laxveiðileyfa. Sú þjónusta er árstíðabundin og skilar sér lítið í beinni atvinnu í ferðarþjónustu.

8.4.2 Möguleikar til að bæta nýtingu og efla afþreyingu.

Áhugamenn um lax- og silungsveiði, hesta- og útivistarfólk, bæði íslenskt og erlent, eru helstu markhópar afþreyingarþjónustu svæðisins.

Það þykir nokkuð ljóst að nauðsynlegt er að hlúa að afþreyingarmöguleikum svæðisins þar sem erfitt er að auka nýtingu ferðamannaþjónustu á svæðinu án þess. Vestur-Húnavatnssýsla hefur löngum helst þjónað ferðamönnum á hraðri leið til annarra svæða. Ímynd svæðisins hefur verið frekar neikvæð og fáir sinnt um að njóta náttúrufergurðar þess. Helsti möguleikinn á að gera sýsluna að eftirsóttu ferðamannasvæði er markviss kynning og að auka möguleika til afþreyingar.

Það er almennt viðurkennt að oft er rekstur afþreyingarþjónustu erfiður. Sérstaklega á þetta við um þá þjónustu sem krefst töluverða fjárfestinga svo sem bátsferðir og snjósleðaferðir. Í Vestur-Húnavatnssýslu hefur ekki verið farið út í slíkar fjárfestingar en notast við búnað í einkaeigu eða í eigu Flugbjörgunarsveitar Vestur-Húnavatnssýslu. Kaup á báti til siglingar með ferðamenn um firðina og jafnvel til Hornstranda hefur lengi verið til athugunar en ekki orðið af framkvæmd ennþá.

Þrátt fyrir að margt hafi verið gert síðustu ár eru margir ónýttir möguleikar á svæðinu sem gætu eflt ferðarþjónustu og bætt nýtingu núverandi gisti- og veitingarþjónustu. Það verður að teljast ólíklegt að tekjur af sölu laxveiðileyfa geti aukist að ráði frá því sem nú er. Ástæða þess eru aukin samkeppni frá öðrum löndum og hátt verð á veiðileyfum hér á landi miðað við veiðimöguleika. Söluaðilar veiðileyfa hafa þurft að heyja umtalsverða varnarbaráttu til að halda sínum hlut og ekki þykir ástæða til að vera með mikla bjartsýni um vöxt fyrir hönd greinarinnar.

Silungsveiðin getur hins vegar átt mikla vaxtamöguleika ef rétt er á málum haldið. Silungsveiðileyfi eru mun ódýrari og höfða til mun stærri markhóps bæði erlendra og þó fyrst og fremst innlendra veiðimanna. Töluverð uppbygging þjónustu og vegsambanda við vötnin auk markaðssetningar er nauðsynleg til að silungsveiðin geti orðið mikilvægur atvinnu- og tekjuþáttur á svæðinu.

Svæðið býður upp á nokkra fjölbreytni í landslagi sem getur nýst við uppbyggingu útivistar. Víða eru góðar gönguleiðir en eftirspurn eftir slíkri afþreyingu fer mjög vaxandi. Til að gönguleiðir nýtist þarf að tryggja aðgang ferðamanna að áhugaverðum landsvæðum, merkja leiðir á mörgum stöðum og gefa út göngukort ferðamönnum til hvatningar og leiðsagnar.

Ástundun hestamennsku stendur á gömlum merg á svæðinu. Þar eru margir og fjölbreyttir möguleikar til hestaferða. Samkeppnin í þessari grein er mjög hörð svo standa þarf vel að þjónustunni og einskorða hana við nokkra aðila.

Söfnum á landinu hefur fjölgað mjög síðustu árin. Til að geta nýst ferðaþjónustu svæðisins þurfa söfn að hafa einhverja sérstöðu. Það er ljóst að þetta hefur Byggðasafn Húnavetninga- og Strandamanna á Reykjum skort. Hönnun og útlit safnsins sjálf hefur einnig verið safninu til trafala. Stefna safnsins er að byggja meir á tengslum við sjávarútveg fyrri tíma og verið er að vinna að hönnun og skipulagi útsýningarsvæðis við það. Fleiri hugmyndir eru í gangi en framkvæmdir við þær eru mjög kostnaðarsamar og munu taka áratugi. Verslunarminjasýning á Hvammstanga þótti takast mjög vel, vakti mikla fjölmiðlaathygli og dró fjölda fólks til staðarins. Í framhaldi af því var sýningin visir að varanlegu safni. Huga ber því að möguleikum á uppsetningu slíkra sérsýninga í framtíðinni til eflingar ferðaþjónustu.

Tilraunir til menningarhátíðar hafa þótt takast vonum framar. Meginþungi skipulagningar og framkvæmda viðburða á sumarhátíðinni „Björtum nóttum” hefur verið unnin í sjálfböðavinnu af fólki sem litla beina hagsmuni hefur af eflingu ferðaþjónustu svæðisins. Við áframhaldandi þróun sumarhátíðarinnar þurfa hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu og sveitarstjórnir að sína meira frumkvæði og fjárhagslegan stuðning því það eru takmörk fyrir því hversu lengi fólk endist í sjálfböðavinnu.

Göngur og réttir í Vestur-Húnavatnssýslu eru með þeim stærri á landinu. Þessir viðburðir njóta sívaxandi vinsælda ferðafólks en vegna skorts á skipulagningu og samstarfi ferðaþjónustuaðila og sveitarstjórna hafa þessir viðburðir ekki nýst ferðaþjónustunni sem skyldi. Þar hafa önnur svæði verið Vestur-Húnavatnssýslu framar og opnað þessa viðburði meira fyrir ferðafólk. Þarna þurfa aðilar að taka sig á, ákveða tíma með löngum fyrirvara og skipuleggja möguleika til virkrar þátttöku ferðamanna.

8.5 ÖNNUR FERÐAÞJÓNUSTA

Auk gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónustu er margvísleg önnur þjónusta við ferðamenn á svæðinu. Samanlögð velta sem eftir verður á svæðinu vegna umboðslauna fyrir bensín- og olíusölu, vegna markaðssetningar og upplýsingaþjónustu Ferðamálafélags V-Hún., framleiðslu og sölu handunninna minjagripa, þjónustu við hestamenn og þjónustu hópferðabíla var rúmlega 9 milljónir króna árið 1995, 4% af heildarveltu ferðaþjónustu svæðisins. Þessi þjónusta skapar 6 ársverk eða 14% af stöðugildum í ferðaþjónustu. Þessir þjónustuþættir eru taldir hér þar sem óumdeilanlegt er að þeir tilheyri ferðaþjónustu og hægt er að mæla veltu og atvinnusköpun vegna þeirra.

Auk þessara þjónustubátta eru margir aðrir sem beint eða óbeint tengjast ferðaþjónustu án þess að skilgreina sig sem ferðaþjónustufyrirtæki og án þess að geta gefið tölur um mikilvægi ferðaþjónustunnar í veltunni. Þessi þjónustufyrirtæki eru t.d. verslanir, bankar og bifreiðaverkstæði.

8.6 SAMGÖNGUR OG FERÐAÞJÓNUSTA

Samgöngur í sýslunni eru nær eingöngu bundnar við vegakerfið. Höfnin á Hvammstanga er eingöngu notuð af útgerð og fiskvinnslu og ekkert áætlunarflug er til svæðisins. Nánar verður fjallað um samgöngur í sérstökum kafla en hér eru samgöngur metnar út frá sjónarhorni ferðaþjónustunnar.

8.6.1 Samgöngur og skoðunarferðir

Þrátt fyrir að ekkert áætlunarflug sé til svæðisins er aðgangur að svæðinu nokkuð góður. Þjóðvegur nr. 1 liggur að og í gegnum sýsluna og daglegar áætlunarferðir eru á vegum Norðurleiðar og Suðurleiðar.

Ef ferðamaður hefur hins vegar áhuga á að ferðast um svæðið og hefur ekki bíl til umráða fer hins vegar að vandast málið. Á vegum Staðarskála er hinn svokallaði Vatnsneshringur farinn einu sinni í viku yfir hásumarið. Hægt er að panta dagsferð upp á Arnarvatnsheiði. Þar með eru möguleikar til að ferðast um svæðið án einkabíls upptaldar.

8.7 STEFNA Í FERÐAÞJÓNUSTU

Yfirumsjón með almennri kynningu á svæðinu hefur verið í höndum Ferðamálafélags V-Hún. Félagið hefur einnig verið samstarfsvettvangur ferðaþjónustuaðila í ýmsum öðrum verkefnum. Ferðamálafélagið var stofnað 1991 af hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu en innan vébanda félagsins eru einnig ferðamálanefndir stærstu sveitarfélagana auk margra áhugamanna um framgang ferðaþjónustu á svæðinu.

Aðstoð sveitarfélaga við uppbyggingu ferðaþjónustunnar á svæðinu hefur fyrst og fremst verið í formi styrkveitinga Héraðsnefndar Vestur-Húnavatnssýslu til starfsemi ferðamálafélagsins. Það hefur gert því kleift að hafa ferðamálafulltrúa í hlutastarfi og reka á sumrin upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn í Staðarskála.

Annar stuðningur eða uppbygging á vegum sveitarfélaganna er einkum við merkingar á bæjum og aðstöðu á tjaldsvæðum. Þorkelshólshreppur hefur staðið fyrir því að skilti voru sett við aðkeyrslu að hverjum bæ í hreppnum í samvinnu við Vegagerðina á Hvammstanga. Hvammstangahreppur og Ytri-Torfustaðahreppur sjá um viðhald og uppbyggingu tjaldsvæða á Hvammstanga og Laugarbakka. Hvammstangahreppur sér að auki um uppbyggingu útivistarsvæðis í Kirkjuhvammi fyrir ofan kaupúnið þar sem einnig er tjaldsvæði. Sú vinna hefur þó gengið hægar en ferðaþjónustuaðilar óska.

Þorkelshólshreppur og Torfustaðahrepparnir hafa selt gistingu í nokkrum af gangnamannaskálum sínum.

Annar opinber stuðningur við ferðaþjónustu á svæðinu hefur verið í formi styrkja og lána til Ferðamálafélagsins og til einstakra hagsmunaaðila. Þar hefur stuðningur Byggðastofnunnar verið mikilvægastur, bæði til sérstakra verkefna á vegum Ferðamálafélagsins og til nokkurra hagsmunaaðila. Á fjárlögum síðustu ára hefur einnig verið greiddur út styrkur til Ferðamálasamtaka Íslands sem síðan hefur verið deilt út til landshlutasamtakanna. Framleiðnisjóður hefur styrkt nokkra ferðaþjónustubændur á svæðinu við uppbyggingu ferðaþjónustu sinnar. Ferðamálaráð hefur einnig lítillaga styrkt uppbyggingu aðstöðu við ferðamannastaði.

8.7.1 Stefna sveitarstjórna í ferðaþjónustu.

Sveitarstjórnir á svæðinu hafa ekki myndað sér sérstaka stefnu í ferðaþjónustumálum. Engu að síður er almennur vilji meðal sveitarstjórnarmanna að halda áfram fjárhagslegum stuðningi við Ferðamálafélag V-Hún.

8.7.2 Ferðamálasamtök

Auk þess að vera samstarfsvettvangur hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og sveitarstjórna tekur Ferðamálafélag V-Hún. þátt í samstarfi hagsmunaaðila á kjördæmisvísu í gegnum Ferðamálasamtök Norðurlands vestra, og á landsvísu í gegnum Ferðamálasamtök Íslands. Bæði þessi samtök voru stofnuð 1991 og hafa síðan verið að þróa samstarfsgrundvöll. Vonir standa til að Ferðamálasamtökin geti orðið að virku afli í mótun ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

8.7.3 Framtíðaráform sveitarstjórna og Ferðamálafélags V-Hún.

Sveitarstjórnir líta mjög til ferðaþjónustunnar sem vaxandi atvinnugreinar á svæðinu og sjá í henni einn af möguleikum á að viðhalda byggðinni.

Starfsemi Ferðamálafélags V-Hún. hefur farið ört vaxandi frá stofnun þess 1991. Ferðamálafélagið stefnir að því að vinna áfram að bættri aðkomu á ferðamannastaði, auka merkingar og að bæta alla aðstöðu fyrir ferðamenn. Áfram verður reynt að vekja athygli á svæðinu sem áhugaverðu ferðamannasvæði. Ferðamálafélagið mun að auki halda áfram að hvetja fólk á svæðinu til nýsköpunar og styðja aðila sem á einhvern hátt hafa aukið, eða eru líklegir til að auka, vegsemd ferðaþjónustunnar í sýslunni.

8.8 FRAMTÍÐARMÖGULEIKAR

8.8.1 Mikilvægi ferðaþjónustu.

Að margra áliti er virk starfsemi ferðamálafélagsins og að hafa ferðamálafulltrúa í hlutastarfi forsendan fyrir samvinnu aðila innan héraðsins og markvissrar sameiginlegrar markaðssetningar

Mikilvægi ferðaþjónustu fyrir atvinnu og tekjur er mjög mismunandi eftir sveitarfélögum. Sem atvinnugrein er ferðaþjónusta áberandi mikilvægust fyrir Staðarhrepp og Þorkelshólshrepp. Íbúar í Ytri-Torfustaðahreppi svo og í Hvammstangahreppi hafa einnig í auknum mæli haft lífsviðurværi af þjónustu við ferðamenn. Í sveitarfélögunum þremur, sem liggja fjær þjóð-

veginum hefur uppbygging ferðapjónustu sem atvinnugreinar hins vegar verið mjög takmörkuð.

8.8.2 Möguleikar til eflingar uppbyggingu og nýtingu í ferðapjónustu á svæðinu.

Vaxtarbroddurinn í ferðapjónustu svæðisins hefur undanfarin ár verið innan afþreyingaráttarins. Ferðapjónustuaðilar svæðisins í samstarfi við félagasamtök og sveitarstjórnir hafa einnig stuðlað að aukinni og bættri aðstöðu á ferðamannastöðum jafnhliða aukinni markaðssetningu á svæðinu. Halda ber áfram þeirri stefnu þar sem möguleikar ferðapjónustu í Vestur-Húnavatnssýslu virðast helst byggjast á aukinni afþreyingarþjónustu og bættri aðstöðu fyrir ferðamenn. Framboð gistiþjónustunnar er meira en eftirspurnin og framtíðarmöguleikar veitingareksturs byggjast ekki síst á aðdráttarafli annarra svæða á Norðurlandi. Þar sem náttúruauðlindir sem nýst geta til útivistar á svæðinu eru margar og svæðið hefur góðar samgöngur virðist efling ferðapjónustunnar liggja í höndum hagsmunaaðila og sveitarstjórnarmanna. Mikilvægt er að þessir aðilar starfi saman að vörubrúun og markaðssetningu til að sú geti orðið sem markvissust. Áframhaldandi og aukinn stuðningur opinberra aðila svo sem Byggðastofnunnar er einnig mjög mikilvægur til að greinin geti áfram vaxið og dafnað. Byggðastofnun hefur nú aukið við fjárhagsstuðning við atvinnuþróunarstarf á vegum Iðnþróunarfélagsins sem hefur gert félaginu kleift að ráða til starfa ferðamálaráðgjafa til að veita aðilum í ferðapjónustu aukinn stuðning.

Helstu heimildir:

Upplýsingar frá ferðapjónustuaðilum í Vestur-Húnavatnssýslu
Hagstofa Íslands, gistináttatölur

9 OPINBER ÞJÓNUSTA

Opinberri þjónustu má skipta í fjóra hluta; í fyrsta lagi er það þjónusta sem veitt er af ríkinu, í öðru lagi þjónusta sem veitt er af einstökum sveitarfélögum, í þriðja lagi sameiginleg þjónusta ríkis og sveitarfélaga og í fjórða lagi sameiginleg þjónusta sveitarfélaga, sem oftast er veitt á héraðsgrundvelli. Mikilvægasta skiptingin er þó á milli ríkisins og sveitarfélaganna. Lengi voru þessar línur fremur óljósar, en árið 1990 tóku gildi ný lög um skipan sveitarstjórnarmála þar sem þessi skipting var gerð skýrari en áður. Megininntakið nú er að sveitarfélögin sjá um þau mál sem telja má að þau geti sinnt betur en ríkið, m.a. vegna sérhæfðrar staðbundinnar þekkingar.

Umfangsmesti flutningur á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga var ákvörðun um flutning grunnskóla til sveitarfélaga árið 1996.

Útgjöldum ríkis og sveitarfélaga má skipta í tvennt, annars vegar er almennur rekstrar og viðhaldskostnaður, og hins vegar kostnaður við framkvæmdir og fjárfestingar. Sumir af þjónustuliðum sveitarfélaganna eru bundnir í lög og þeim því skylt að sinna þjónustu á því sviði.

Taflan hér á eftir sýnir grófa skiptingu milli ríkis og sveitarfélaga varðandi þætti opinberrar þjónustu.

Tafla 5 Skipting kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga¹

	Sveitarfélögin		Ríkið	
	Byggingar	Rekstur	Byggingar	Rekstur
Grunnskólar	100%	100%		
Tónlistarskólar	100%	100%		
Slökkvilið	100%	100%		
Leikskólar	100%	100%		
Elliheimili	100%	100%		
Heimahjúkrun			100%	100%
Heimili f. fatlaða			100%	100%
Aðstoð við fatlaða			100%	100%
Löggæsla			100%	100%
Sjúkrahús			100%	100%
Heilsugæsla	15%		85%	100%
Íþróttamannvirki	Breytilegt	100%	Breytilegt	

Stærsta verkefni sveitarfélaganna er menntun grunnskólanema. Þá reka sveitafélögin tónlistarskóla og bókasöfn svo að eitthvað sé nefnt. Annar stærsti liðurinn eru félagsleg verkefni, en það er m.a. umönnun aldraðra, ýmis aðstoð við fatlaða, barnagæsla og félagslegt húsnæði. Stór útgjaldaliður felst í byggingu og rekstri íþróttamannvirkja. Viðhald gatna og holræsa er einnig töluverður rekstrarþáttur og sveitarfélögin eiga almennt og reka vatns-, hita- og rafmagnsveitur svo og hafnarmannvirki. Þá eru brunavarnir í höndum sveitarfélaganna. Í sumum tilvikum eru þetta verkefni sem ríkið eða Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða að einhverju leyti.

¹. Local Government in Iceland - Samband Ísl. Sveitarfélaga 1995

Ársverk á vegum hins opinbera í Vestur-Húnavatnssýslu voru 185 á árinu 1994. Eru þar meðtalin störf bæði á vegum ríkis og sveitarfélaga, bæði vegna þjónustu og framkvæmda á vegum opinberra aðila. Til samanburðar má nefna að í landbúnaði voru ársverk 174 á sama tíma.

9.1 SKÓLAMÁL

9.1.1 Grunnskóli

Í Vestur-Húnavatnssýslu eru starfræktir fjórir grunnskólar: Barnaskóli í Staðarhreppi, Laugarbakkaskóli, Grunnskólinn á Hvammstanga og Vesturhópsskóli. Barnaskólann í Staðarhreppi sækja börn alla nema þrjá síðustu bekki grunnnáms, en þeir eru teknir í Laugarbakkaskóla. Sama má segja um Vesturhópsskóla, nema þar eru það síðustu tveir bekkirnir sem eru teknir á Laugarbakka. Aðeins einn leikskóli er á svæðinu og er hann staðsettur á Hvammstanga.

Skólaárið 1996/97 var 21 nemandi í Barnaskóla Staðarhrepps. Nemendum í skólanum hefur fjölgað um þriðjung eftir að farið var að senda þangað börn úr Bæjarhreppi. Húsnæði skólans er nokkuð vel nýtt, en auk skólahalds eru þar haldnar ýmsar innansveitar samkomur og fundir. Af dreifbýlisskólunum er Laugarbakkaskóli langstærstur, með um 92 nemendur árið 1996/97. Kennarar eru 10-11. Öll sveitarfélögin nema Hvammstangi eru aðilar að skólanum og senda nemendur þangað. Ytri-Torfustaðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Kirkjuhvammshreppur og Þorkelshólshreppur hafa verið aðilar að skólanum frá upphafi, en samkomulag þar að lútandi var undirritað 1974. Þessi sveitarfélög senda alla nemendur sína í skólann, nema nokkur börn úr Kirkjuhvammshreppi sem ganga í Vesturhópsskóla vegna styttri vegalengdar en á Laugarbakka. Eignarhluti sveitarfélaganna var ákveðinn eftir íbúafjölda, tekjum hreppsins á íbúa og nemendafjölda. Staðarhreppur og Þverárhreppur hafa komið inn í rekstur skólans á tveimur til þremur síðustu stigum grunnenntunar. Rekstrargjöld til skólans eru greidd samkvæmt nemendafjölda úr hverju sveitarfélagi.

Laugarbakkaskóli var stækkaður árið 1993, og eftir þá stækkun er skólinn nægilega stór til að sinna sínu verkefni. Nýtt íþróttahús er við skólann, og tóku öll sveitarfélögin sem eiga beina aðild að skólanum þátt í byggingu þess, en Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiddi um 20% af kostnaðinum. Húsið hefur bætt mjög kennsluáðstöðu við skólann.

Grunnskóli Hvammstanga þjónar einvörðungu þéttbýlinu á Hvammstanga og hefur allar bekkjardeildir grunnskóla. Árið 1996/97 voru 110 nemendur við nám í skólanum.

Vesturhópsskóli í Þverárhreppi þjónar aðeins því sveitarfélagi, en síðustu tveimur bekkjunum hefur verið kennt á Laugarbakka. Það er nokkuð löng leið og þeir nemendur sem lengst þurfa að fara eru allt að einn og hálfan klukkutíma hvora leið. Árið 1996/97 voru 10 nemendur við skólann. Kennarar hafa verið 2 í föstum stöðum og 6 í stundakennslu.

Í framhaldi af flutningi grunnskóla til sveitarfélaga var stofnsett skólaskrifstofa á Blönduósi sem gegnir samræmingar- og stuðningshlutverki

fyrir grunnskóla í Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu. Á skrifstofunni eru tvö stöðugildi, skólamálastjóra og sálfræðings (félagsráðgjafa), en einnig er skólaskrifstofunni ætlað að miðla þjónustu annarra sérfræðinga svo sem talmeinafræðinga og fleiri.

Sveitarfélögin hafa haft með sér samvinnu varðandi skólaakstur en nokkuð er þó mismunandi hvernig skipulagi þeirra mála er háttað. Sums staðar er aksturinn boðinn út, en annars staðar ekki.

Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu rekur tónlistarskóla í tengslum við grunnskólana. Sjö tónlistarkennarar sem annast kennsluna, en ekki eru þeir allir í fullu starfi.

Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu er aðili að Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, og Farskóla Norðurlands vestra. Í Fjölbrautaskólann fer stór hluti þeirra ungmenna sem fara í framhaldsnám. Ungmenni af svæðinu sækja einnig nám til Akureyrar og Reykjavíkur og fleiri staða. Héraðsnefndin hefur, samkvæmt samkomulagi, tekið þátt í kostnaði í akstri nemenda úr sýslunni til Hvammstanga aðra hverja helgi til að auðvelda nemendum að sækja skólann.

Sumarið 1994 var gerð könnun meðal íbúa í Vestur-Húnavatnssýslu um áhuga á að stofnuð yrði framhaldsdeild á Hvammstanga. Eftir að niðurstöður þeirrar könnunar lágu fyrir var ákveðið að stofnsetja framhaldsdeild haustið 1995, í samvinnu við Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki og undir yfirstjórn hans, með því skilyrði að nægur fjöldi nemenda fengist. Deildin átti að kenna í samræmi við fyrsta árið í Fjölbrautaskóla, en þegar til kom fengust ekki nægilega margir nemendur, svo að þessum áformum var frestað um óákveðinn tíma.

Auk fyrrnefndra skóla hafa verið starfræktar skólabúðir í Reykjaskóla í Hrutafirði síðan 1988. Fram að þeim tíma var Reykjaskóli starfræktur sem héraðsskóli fyrir síðustu bekk grunnskólans, ásamt framhaldsdeild. Þessar búðir hafa verið sóttar af grunnskólabörnum af öllu landinu, og einnig er eitthvað um að hópar komi frá Norðurlöndunum. Yfir 2.000 börn koma í þessar skólabúðir á hverjum vetri og dvelja hóparnir að meðaltali fimm daga í senn.

9.1.2 Leikskóli

Á Hvammstanga er eini leikskóli svæðisins, og er hann fluttur í stærra og betra sérbyggt húsnæði, en hann var áður til húsa í íbúðarhúsi. Með þessu aukna rými hefur opnast möguleiki á að sveitarfélögin í kring geti nýtt sér þessa þjónustu, en hingað til hefur hún nær eingöngu verið bundin við Hvammstanga. Önnur sveitarfélög, fyrst og fremst Kirkjuhvammshreppur, hafa þó greitt til leikskólans þegar börn frá þeim hafa verið í honum. Nýi leikskólinn mun sérstaklega geta bætt aðstöðu þeirra sem búa utan Hvammstanga, en sækja vinnu þangað. Á undanförunum árum hafa verið um 40 börn í leikskólanum. Talinn er einnig möguleiki á að koma á fót leikskóla á Laugarbakka, og nýta til þess húsnæði í grunnskólanum.

9.2 FÉLAGSLEG ÞJÓNUSTA

Sveitarfélögum er, samkvæmt lögum, skylt að veita íbúum ákveðna félagslega þjónustu. Er það gert til þess að koma til aðstoðar þeim sem á einhvern hátt hafa orðið fyrir skakkaföllum í lífinu, aðstoða fatlaða, aðstoða eldra fólk og sjá um að vernda félagslegan og andlegan þroska barna og ungmenna. Lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga frá 1991. Í lögnum segir m.a. að markmið félagsþjónustunnar sé að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi, og stuðla að velferð íbúa, á grundvelli samhjálpur.

9.2.1 Félagsmálaráð

Eitt af því sem lögin skylda sveitarfélögin til að gera er að hafa starfandi sérstakar félagsmálanefndir eða félagsmálaráð. Í byrjun árs 1994 hóf Félagsmálaráð Vestur-Húnavatnssýslu starfsemi. Gerð var samþykkt um störf og starfssvið ráðsins, og var hún byggð á umræddum lögum svo og leiðbeiningum frá Félagsmálaráðuneytinu. Félagsmálaráð heyrir beint undir Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu, og hefur með höndum stjórn eftirtalinna mála:

- Félagslega ráðgjöf
- Fjárhagsaðstoð við þá sem hennar þurfa
- Heimþjónustu vegna elli og örorku.
- Málefni barna og unglinga
- Málefni fatlaðra
- Aðstoð við áfengissjúka og vímuefnaneytendur, og vímuefnavarnir

Kostir varðandi félagslega ráðgjöf voru af skornum skammti en í nóvember 1995 tók félagsmálastjóri til starfa í hálfu starfi sem sinnir jafnframt félagsráðgjöf og hefur aðstoðu í heilsugæslustöðinni. Hinn hluti starfsins felst í starfi á svæðisskrifstofu fatlaðra. Þetta ætti að auðvelda starfið frá því sem áður var því að bæði fæst nú sérþekking og líklegra er að fólk leiti fremur til eins aðila en að bera vanda sinn á borð fyrir heila nefnd. Á Blönduósi er starfandi skólasálfræðingur fyrir báðar Húnavatnssýslur.

Við heimþjónustu vinna fjórir starfsmenn í hlutastörfum, sem samtals er um eitt 100% starf. Nokkuð erfitt hefur verið að fá fólk til þessara starfa í sumum sveitarfélaganna og ekki hefur tekist að veita alveg öllum þessa þjónustu sem hennar hafa óskað.

Málefni barna og ungmenna eru á verksviði félagsmálaráðs, en samkvæmt lögum um réttindi og skyldur barna, eiga að starfa barnaverndarnefndir í öllum sveitarfélögum. Nú hafa allar nefndirnar í sýslunni verið sameinaðar í Félagsmálaráð undir stjórn héraðsnefndar. Það leiðir af sjálfu sér að þetta eykur til muna skilvirkni nefndarinnar, og öryggi varðandi meðferð viðkvæmra mála. Sameining þessara nefnda hefur verið á stefnuskrá Félagsmálaráðuneytisins, en Vestur-Húnavetningar voru fyrstir til að taka hana upp.

Málefni fatlaðra heyra undir félagsmálaráð. Sambýli fyrir fatlaða er rekið af ríkinu á Hvammstanga, en Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur ráðið einn einstakling í fullt starf, svokallaðan stuðningsaðila. Yfirstjórn málefna fatlaðra er hins vegar hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Norðurlandi

vestra, sem er á Sauðárkróki. Ríkið greiðir allan kostnað við sambýlin, en sveitarfélögin greiða kostnaðinn við aðra aðstoð við fatlaða.

Aðstoð við áfengissjúka og vímuefnavarnir hefur fengið nokkurn stuðning sveitarfélaganna í gegnum Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu. Aðstoð við þennan málaflokk hefur mest verið óbein. Á svæðinu er rekið öflugt sjálfboðaliðastarf AA sem héraðsnefndin styrkir með fríu húsnæði fyrir starfsemi.

Bent hefur verið á að ef til vill sé skortur á fræðslu af hálfu Félagsmálaráðuneytisins fyrir þá sem starfa í félagsmálaráðum, um meðferð þeirra mála almennt. Slík námskeið munu hafa verið til reiðu áður fyrr, en ekki nú um nokkurt skeið.

Auk áðurtalinna atriða er félagsmálaráði skylt að vinna að jafnréttismálum karla og kvenna, tryggja að félagsleg þjónusta sé í samræmi við þarfir íbúanna, vinna að áfengisvarnarmálum og móta almenna stefnu í félagsmálum svæðisins.

Ákveðið hefur verið að skipa jafnréttisfulltrúa á vegum félagsmálaráðuneytisins til þriggja ára frá árslokum 1997 sem mun annast eftirlit og ráðgjöf með jafnréttismálum í Norðurlandskjördæmi vestra.

9.2.2 Vinnuskólar

Vinnuskóli er rekinn af Hvammstangahreppi þrjá mánuði yfir sumarið. Miðast hann við unglinga frá 13-16 ára. Allt að 40 börn hafa unnið hjá skólanum á sumri. Ytri-Torfustaðahreppur hefur einnig boðið slíkan vinnuskóla á Laugarbakka, en þar hafa verið 10-15 börn.

9.2.3 Kirkjur og prestsþjónusta

Svæðið er þrjú prestaköll, en Staðarsókn heyrir undir Prestbakkaprestakall í Strandasýslu. Önnur prestsetur eru Hvammstangi og Melstaður. Prófasturinn í Húnavatnsprestakalli situr nú á Melstað. Prófastdæmi hans nær yfir báðar Húnavatnssýslurnar og Strandasýslu. Kirkjur í Vestur-Húnavatnssýslu eru alls átta, og teljast sóknirnar í sýslunni jafnmargar. Haldnar eru almennar guðþjónustur reglulega í öllum sóknnum auk guðþjónusta sem sérstaklega eru ætlaðar börnum.

Ástand kirknanna átta á svæðinu, er almennt nokkuð gott. Nokkrar endurbætur hafa á síðustu árum farið fram á kirkjunum á Stað, Melstað, Vesturhópshólum og Breiðabólstað, en fyrirhugaðar eru endurbætur á Víðidalstungukirkju. Allur kostnaður við rekstur og viðhald kirknanna er greiddur með sóknargjöldum, sem ríkið innheimtir ásamt almennum beinum sköttum. Almennt virðist ánægja með þjónustu kirkjunnar á flestum sviðum.

9.3 LÖGGÆSLA OG BRUNAVARNIR

Austur- og Vestur-Húnavatnssýslur eru eitt lögsagnarumdæmi. Embætti sýslumanns Húnavetninga hefur aðsetur á Blönduósi. Hjá sýslumanni er

yfirstjórn löggæslu á svæðinu, en einnig sér sýslumaður um innheimtu opinberra gjalda til ríkissjóðs og sveitarfélaga auk sóknargjalda. Hjá sýslumannsembættinu eru gefin út margs konar leyfi, bæði varðandi atvinnulíf og einkalíf einstaklinga. Sýslumaður er yfirmaður tollamála í sínu umdæmi, og annast þar með tollgæslu, tollaafgreiðslu og tollheimtu. Þá eru sýslumenn einnig umboðsmenn Tryggingastofnunar ríkisins, svo að nokkuð sé nefnt. Eftir lagabreytingarnar 1992, um aðskilnað dóms- og framkvæmdavalds, var nokkur hluti þeirra sífjamála sem áður voru í höndum ráðuneytis fluttur til sýslumanna. Sýslumenn eru helstu handhafar framkvæmdavalds í umdæmi sínu, og eins konar umboðsmenn ríkisvaldsins.

Skrifstofa sýslumanns hefur afgreiðslu á Hvammstanga sem er opin þrjár stundir í senn tvo daga í mánuði. Á Hvammstanga er einnig skrifstofa lögreglunnar, en hún er einnig opin skamman tíma í hverri viku og þar er engin föst starfsemi lögreglu.

Nokkuð hefur verið kvartað yfir því að sýslumaður hafi ekki fast útibú á Hvammstanga og þó sérstaklega yfir því að þar sé hvorki lögregluvarðstöð né lögreglubífreið. Bent hefur verið á að það sé einnar til tveggja stunda akstur á milli endamarka sýslanna og það geti skipt sköpum ef mikið liggur við. Kvartanir um þetta komu meðal annars fram í könnun sem gerð var um þessi mál meðal íbúa Vestur-Húnavatnssýslu árið 1993. Ríkið sér alfarið um rekstur embættis sýslumanns og að mestu um skipulag löggæslunnar. Tveir af starfandi lögregluþjónum eru búsettir á Hvammstanga sem auk aðstöðu sýslumannsembættis ætti að geta auðveldað aukna löggæslu í sýslunni.

Aðeins er lesið af mælum bíla á Blönduósi, utan þess að sýslufulltrúi kemur tvisvar í mánuði til Hvammstanga. Hefur verið kvartað nokkuð yfir þessu fyrirkomulagi, og vilja sveitarstjórnarmenn ná samkomulagi við sýslumannsembættið um aðra lausn á þessum málum, því að almennt eigi Vestur-Húnavetningar ekki mikið erindi á Blönduós, því að flesta aðra þjónustuliði sækji þeir til Hvammstanga.

Sýslumenn eru stjórnendur almannavarna í umdæmi sínu, og vinna með sérstökum almannavarnarnefndum. Ein almannavarnarnefnd er starfandi í Vestur-Húnavatnssýslu.

Brunavarnir eru í höndum Héraðsnefndar Vestur-Húnavatnssýslu. Slökkvistöð er á Hvammstanga og aðeins er um eitt slökkvilið að ræða. Tækjabúnaður liðsins hefur verið endurbættur smám saman, eftir ábendingum frá brunamálastjóra. Sumarið 1995 festi héraðsnefndin kaup á nýjum slökkvibíl og er þá ástand brunavarna orðið með ágætum. Auk slökkvibílsins er skúffubíll í eigu liðsins, en hann var hraðskreiðari en gamli slökkvibíllinn, komst fyrir á vettvang og þá mátti vinna að nauðsynlegustu aðgerðum þar til slökkvibíllinn kom. Slökkviliðið er eitt af fáum slökkviliðum á landsbyggðinni sem eiga svokallaðar bílaklippur, sem notaðar eru til þess að klippa sundur bílflök á slysstað svo að ná megi fólki úr flökunum.

9.4 HEILBRIGÐISMÁL

9.4.1 Sjúkrahús og heilsugæsla

Á Hvammstanga er sjúkrahús og heilsugæslustöð sem þjónar allri Vestur-Húnavatnssýslu auk Bæjarhrepps í Strandasýslu. Á Hvammstanga starfa tveir heimilislæknar sem auk heimilislækninga sinna sjúklingum sjúkrahússins sem flestir eru öldrunarsjúklingar, en einnig er sinnt lyflækningum, endurhæfingu og fleiru. Sérfræðingar svo sem augnlæknir og háls- nef- og eyrnalæknar koma reglulega á heilsugæslustöðina og hafa viðdvöl einn eða fleiri daga. Að öðru leyti er nýtt sérfræðiþjónusta í Reykjavík, á Akranesi eða á Akureyri. Læknar og hjúkrunarfræðingar sinna árlega skólaskoðun í öllum skólum svæðisins en auk þess eru hjúkrunarfræðingar þar með reglulega viðtalstíma. Á sjúkrahúsi og heilsugæslu eru sex stöðugildi hjúkrunarfræðinga, en hjúkrunarforstjóri á heilsugæslustöð er jafnframt ljósmóðir og sinnir mæðraeftirliti og ungbarnavernd. Næsta fæðingardeild er á Héraðs-sjúkrahúsinu á Blönduós og nokkuð er um að konur úr V-Húnavatnssýslu fæði þar en þó er algengara að þær fari til Reykjavíkur og Akraness.

Á sjúkrahúsi og heilsugæslu Hvammstanga vinna um 55 manns í 42 stöðugildum, en fjöldi rúma er 35. Gagngerar endurbætur voru gerðar á núverandi húsnæði sjúkrahússins og lauk þeim vorið 1995. Ekki er um fjölgun rúma að ræða heldur bætta aðstöðu fyrir starfsemina. Heilsugæslustöðin var tekin í notkun 1986 og, þar sem húsnæðið og öll aðstaða er nýleg, er ekki búist við neinum breytingum á henni.

Heilsugæslustöðin tók við rekstri sjúkraflutninga 1. júlí 1995 af Hvammstangadeild Rauða Kross Íslands sem hafði annast þá fram að þeim tíma. Hvammstangadeild RKÍ leggur til tvo velbúna sjúkrabíla en heilsugæslustöðin annast rekstur þeirra. Er nokkur þörf fyrir sjúkraflutninga, og vegalengdir oft langar. Sjúkraflutningar fara nær eingöngu fram með sjúkrabílum og fara þeir 80 til 90 sjúkraflutninga á ári. Í einstökum neyðartilvikum er notast við sjúkraflug.

9.4.2 Tannvernd

Einn tannlæknir er á Hvammstanga, og sinnir hann öllu svæðinu. Hann fer einnig í skólaskoðunarferðir árlega. Á tannlæknastofuna kemur reglulega tannsmiður.

9.4.3 Öldrunarþjónusta

Heilsugæslustöð Hvammstanga sinnir heimahjúkrun aldraðra á starfsvæði stöðvarinnar. Í lok árs 1995 nutu yfir 20 einstaklingar þjónustu hjúkrunarfræðinga einu sinni eða oftar í viku án endurgjalds. Aldraðir njóta einnig heimilishjálpar á vegum Félagsmálaráðs Vestur-Húnavatnssýslu og fer sú þjónusta vaxandi.

Á Hvammstanga og Laugarbakka hafa verið reistar leiguíbúðir fyrir eldri borgara. Íbúðirnar á Hvammstanga eru tólf talsins, og eiga öll sveitarfélögin aðild að þeim nema Ytri-Torfustaðahreppur, en hann á fjórar íbúðir á Laugarbakka.

9.4.4 Heilbrigðisfulltrúi

Heilbrigðisfulltrúi Norðurlands vestra er á Sauðárkróki, og eru sveitarfélögin í Vestur-Húnavatnssýslu aðilar að embætti hans.

9.5 ÝMIS ÞJÓNUSTA

9.5.1 Byggingafulltrúar

Þrjár byggingafulltrúar eru starfandi á svæðinu, og eru þeir starfsmenn eins eða fleiri af sveitarfélögunum, eftir því hve stórt starfssvæði þeirra er. Á undanförunum árum hefur verið stefnt að því að fækka byggingafulltrúum, og miða að því að einn starfi fyrir sveitina, og einn fyrir hvern þéttbýliskjarna sem hefur fleiri en 1.000 íbúa. Samkvæmt því ætti að vera aðeins einn fulltrúi í Vestur-Húnavatnssýslu og myndi hann heyra undir héraðsnefnd.

9.5.2 Héraðsdýralæknir

Héraðsdýralæknir situr á Hvammstanga, og þjónar hann allri sýslunni.

9.5.3 Sundlaugar og íþróttaaðstaða

Tvær sundlaugar eru reknar af sveitarfélögum í Vestur-Húnavatnssýslu, Sundlaug Hvammstanga og Grettislaug Laugarbakka. Auk þess að nýttast vegna skólahalds eru sundlaugarnar, sérstaklega á Hvammstanga, mikilvæg þjónusta við íbúa svæðisins til útivistar og heilsuræktar. Íþróttahúsið á Laugarbakka hefur gjörbreytt aðstöðu til íþróttakennslu í Laugarbakkaskóla og í grunnskóla Hvammstanga en húsið er að auki nýtt til ýmissa annarra íþróttaiðkana. Tilkoma þess bætti mjög úr þörf almennings í sýslunni til ástundunar hópíþróttar. Uppbygging útiþróttasvæða er einnig á vegum sveitarfélagana í samstarfi við ungmennafélögin á svæðinu. Auk fyrrnefndar þjónustu á menntamálaráðneytið íþróttaaðstöðu í Reykjaskóla, sundlaug, íþróttahús og íþróttavöll, sem byggt var upp í tengslum við skólahald þar og hefur einnig nýst héraðsbúum að einhverju leyti.

9.5.4 Póstur og sími

Póstur og sími rekur pósthús og símastöð á Hvammstanga. Þjónar hún öllu svæðinu nema Staðarhreppi sem fær póst- og símaþjónustu frá póst- og símastöðinni í Brú í Strandasýslu. Þessar pósthöfvar veita alla almenna póst- og talsímaþjónustu. Póstferðir eru alla virka daga til Reykjavíkur og Akureyrar. Verður því póstþjónustan að teljast næsta skilvirk. Póstur er borinn út á Hvammstanga alla virka daga, en í sveitirnar er póstinum ekið þrjá daga í viku. Póstflutningarnir eru ekki boðnir út til verktaka, heldur er samið sérstaklega við þá aðila sem það stunda. Póstflutningar í Staðarhrepp hafa hins vegar verið boðnir út ásamt póstdreifingu í Bæjarhrepp í Strandasýslu. Símastöðvarnar eru tengdar við ljósleiðarakerfi, og með því margfaldaðist flutningsgetan og um leið gæði símasambands. Auk þessa hefur Póstur og Sími á Hvammstanga eftirlit með endurvarpsstöð fyrir útvarp og sjónvarp á Hvítabjarnarhól og við Víðihlíð. Við póst- og

símastöðina á Hvammstanga vinna 10 manns auk verktaka við eftirlit með endurvarpsstöðvum.

Í framhaldi af einkavæðingu Pósts og síma í hlutafélög má búast við einhverjum breytingum á þjónustu í héraðinu, en mikilvægt er að þjónustustig verði ekki lakara en nú er.

9.5.5 Rafveita og hitaveita

Raforkudreifing er í höndum Rafmagnsveitna ríkisins og kemur raforkan frá svokallaðri byggðalínu sem er hringtenging um landið. Við Hrútafingu í Hrútafirði er spennistöð, þaðan sem raforkunni er síðan dreift um svæðið. RARIK hefur umsjón með dreifilínunum. Flutningsgeta stöðvarinnar er um 10 MW. Unnið hefur verið að því á undanförunum árum að skipta dreifilínunum yfir í þriggja fasa línur. Starfsmenn RARIK á Hvammstanga sjá um viðhald og eftirlit með línunum. Varalína fyrir Hvammstanga kemur frá Laxárvatnsvirkjun, en fyrir sveitirnar er engin varalína.

Heitt vatn finnst víðsvegar um svæðið en aðeins hluti þess er enn nýttur. Hitaveita Hvammstanga er með dælustöð á Ytri-Reykjum við Laugarbakka. Hitaveitan þjónar báðum þéttbýlisstöðunum og er lögð í hvert hús þar auk bæjanna Ósa og Ytri-Reykja. Lögbýlin tvö á Hvammstanga hafa ekki hitaveitulögn en raforkukostnaður þeirra hjá Rarik er greiddur niður af Hvammstangahreppi. Hverinn í Reykjaskóla er notaður til upphitunar húsa og sundlaugar þar og á Reykjum. Á Reykjum nýtist vatnið einnig til ylreктar eins og á Laugarbakka. Önnur heimili og atvinnufyrirtæki í Vestur-Húnavatnssýslu nýta raforku frá Rarik til upphitunar húsa.

Þó að heitt vatn finnist á vestanverðu Vatnsnesi, í Vesturhópi og á afréttum Staðhreppinga er ólíklegt að það verði nýtt til upphitunnar eða í atvinnuskyni í nánustu framtíð. Kostnaður við borun og lagningu er hár og um fáa notendur og dreifða er að ræða. Hluti hversins á afréttum Staðhreppinga kemur upp í skessukötlum í Síká og myndar þar náttúrulegan heitan pott auk þess að annar stærri hefur verið hlaðinn og er hverinn þar nýttur í þágu ferðaþjónustunnar.

Staðhreppingar eru þeir einu sem eru að skoða frekari nýtingu vatnsins, úr hvernum við Reykjaskóla, af fullri alvöru. Orkustofnun álitur hverinn nokkuð stóran og möguleika á að nýta hann meira. Tilraunaborun var gerð haustið 1994 og var borað niður á 440 metra dýpi en án árangurs. Áframhaldandi boranir eru í biðstöðu.

9.5.6 Veðurathugunarstöðvar

Í Vestur-Húnavatnssýslu eru þrjár veðurathugunarstöðvar, á Tannstaðabakka í Hrútafirði, á Barkarstöðum í Miðfirði og á Ásbjarnarstöðum á Vatnsnesi. Af þeim er það einungis á Tannstaðabakki í Hrútafirði sem starfrækt er skeytastöð sem framkvæmir fimm mælingar yfir dagtímann. Á Barkarstöðum er starfrækt veðurfarsstöð sem framkvæmir mælingar þrisvar á sólarhring og á Ásbjarnarstöðum eru framkvæmdar úrkomumælingar einu sinni á sólarhring.

10 UMHVERFISMÁL

Umhverfismál hafa á síðustu árum orðið mikilvægt málefni og tengist flestum, ef ekki öllum, þáttum mannlífs og atvinnustarfsemi. Kröfur um skipulag og eftirlit með mannvirkjagerð og annarri landnotkun sem áhrif getur haft á náttúru og umhverfi fara mjög vaxandi. Miðað við þessa þróun má teljast líklegt að verkefni sem tengjast umhverfismálum verði sífellt umfangsmeiri hjá ríki og sveitarfélögum.

10.1 SORPHREINSUN

Hirðing og urðun sorps er í misjafnlega góðu ástandi í Vestur-Húnavatnssýslu. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er sorphreinsun og sorpeyðing á meðal verkefna sveitarfélaga en misjafnt er hversu vel sveitarfélögin standa að þessu verkefni. Sorphreinsun er á Hvammstanga, og þar eru einnig gámar sem íbúarnir geta nýtt sér undir það sem ekki má setja í almennt sorp. Sorphirðing í sumum hreppanna hefur verið í formi þess að íbúar koma með sorp sitt og setja það í gáma á ákveðnum stöðum. Þar sem ekki er um slíkt að ræða hafa bændur séð sjálfir um að koma sínu sorpi fyrir. Sorphirðing er greidd af hverju sveitarfélagi fyrir sig þar sem um það er að ræða, og hefur fyrirkomulagið verið þannig að sorphirðing á Hvammstanga hefur verið boðin út en annars verið gerður samningur við verktaka í sorphirðingu. Í Staðarhreppi og Þorkelshólshreppi er sá samningur við aðila á Skagaströnd en í Ytri-Torfustaðahreppi er samningurinn við sömu aðila og á Hvammstanga. Urðunarstaðir fyrir sorp eru við jörðina Gröf í Kirkjuhvammshreppi fyrir Laugarbakka og Hvammstanga og á viðurkenndum urðunarstað á Blönduósi fyrir Staðarhrepp og Þorkelshólshrepp. Í Þverárhreppi er sorp hirt við Vesturhópsskóla og við sumarbústaðasvæðið í landi Litlu-Borgar og grafið í land Bjargós sem er samþykktur staður af Heilbrigðiseftirlitinu. Í öðrum sveitarfélögum og stöðum utan þéttbýliskjarnanna sjá bændur sjálfir um sorpeyðingu hver fyrir sig. Ljóst er að frágangur sorps á svæðinu uppfyllir ekki þær kröfur sem heilbrigðisreglugerðir setja.

10.2 FRÁRENNSLISMÁL

Allur gangur er á ástandi frárennslismála. Skolpið á Hvammstanga rennur út í sjó, undir stórstraumsfjöruborð. Brýnasta þörfin fyrir úrbætur í frárennslismálum er líklega á Laugarbakka þar sem gamla bæjarhlutann vantar rotþró. Þar er búið að byggja upp holræsakerfi svo ekki þarf mikinn tilkostnað til að koma frárennslismálum í gott lag. Utan þéttbýlisstaðanna eru málin eins og gengur og gerist í sveitum landsins. Sumir bændur hafa rotþró en aðrir ekki, frárennslid rennur ýmist beint til sjávar eða í vatnsmeiri ár. Á sumum stöðum gætu frárennslismálin valdið umtalsverðum umhverfisvandamálum í framtíðinni, sérstaklega þegar skolpið er látið renna í laxveiðiár.

10.3 AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGA

Samkvæmt lögum um aðalskipulag er allt þéttbýli og sumarhúsabyggð skipulagsskyld. Með nýrri reglugerð um skipulagsmál eru í raun öll mannvirki skipulagsskyld. Alveg fram til þessa hefur ekki verið tekið mikið tillit til umhverfismála í aðalskipulagi en þetta er nú að breytast. Umhverfisráðneytið mun gefa út rit um gerð heildaráætlana um fráveitumál þannig að þessi málaflokkur samrýmist lögum um mengunarvarnir og á að samræmast aðalskipulagi. Einungis er til aðalskipulag fyrir Hvammstangahrepp og gamalt óendurskoðað aðalskipulag fyrir Laugarbakka en verið er að vinna að nýju svæðisskipulagi fyrir Laugarbakkasvæðið. Sveitahrepparnir hafa ekki staðið fyrir aðalskipulagi enda ekki verið skyldugir til þess.

Lokið er vinnu við svæðisskipulag fyrir miðhálandi Íslands. Verkefnið er unnið af Landmótun hf. fyrir Umhverfissráðneytið í samvinnu við þau sveitarfélög sem eiga land að miðhálandinu. Fulltrúi Héraðsnefndar Vestur-Húnavatnssýslu í nefndinni er oddviti Staðarhrepps. Marka á heildarstefnu til 20 ára um alla landnotkun á miðhálandinu og um tengsl svæðisins við láglendið. Þeir málaflokkar sem teknir eru fyrir eru m.a. samgöngur, orkuveitur, náttúruvernd, byggingarmál og ferðamál. Þegar fyrir liggur samþykkt svæðisskipulag af miðhálandinu, er gert ráð fyrir að framkvæmd þess verði í höndum viðkomandi sveitarfélaga. Ástæða þess að ráðist er í þetta verkefni er að hefðbundnar nytjar af hálandinu og öll mannvirkjagerð þar hefur aukist til muna og að straumur ferðamanna er um svæðið allan ársins hring. Skipulagið nær til vega- og orkuversframkvæmda, skálabygginga og ýmissa þátta ferðamannaþjónustu.

10.4 BEITARÞOL

Verulegar umræður hafa farið fram á Íslandi á undanförunum árum um beitarþol, og hugsanlega ofbeit á mörgum svæðum með tilliti til uppblásturs á landi.

Vestur-Húnavatnssýsla er vel gróið landsvæði þar sem uppblástur og jarðvegsrof er mjög lítið. Sveitarfélög leyfa upprekstur sauðfjár eftir að Gróðurverndarnefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur gefið samþykki sitt til þess. Upprekstur hrossa er einnig heimilaður, en mun seinna en sauðfjár. Sumarið 1995 var ástand á hrossahögum á lögbýlum á Norðurlandi vestra og Suðurlandi kannað á vegum Landgræðslu ríkisins í samráði við ýmsa hagsmunaaðila í landbúnaði. Í framhaldi af því var haft skriflegt samband við landeigendur þar sem hrossabeit er talin ganga of nærri gróðri beitarlands. Ástand beitarhaga hrossa var með besta móti í Vestur-Húnavatnssýslu miðað við þær fimm sýslur sem könnunin náði yfir.

10.5 NÁTTÚRUVÆTTI

Engin friðlýst svæði eru í Vestur-Húnavatnssýslu. Náttúruminjar eru þó nokkrar í sýslunni, en náttúruminjar eru svæði eða staðir sem ekki hafa verið friðlýst, en hafa eitthvað það til að bera sem þjóðinni er mikils virði að eiga og vart eða ekki verður bætt, sé því raskað. Í Vestur-Húnavatnssýslu eru á náttúruminjasrá Arnarvatnsheiði og Tvídægra, Hindisvík, Hvítserkur,

Björg og Borgarvirki, Kerafossar, Kolugil og Bakkabrúnir í Víðidal. Þessir sömu staðir eru þeir sem Ferðamálafélag V-Hún. og hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu hafa lagt mesta áherslu á í almennri kynningu á svæðinu og því líklegt að álag á þá komi til með að aukast. Ferðamálafélagið og hagsmunaaðilarnir hafa brugðist við á þann hátt að bæta aðkomu og merkingu á þessum stöðum sem jafnframt er ætlað að takmarka umhverfisspjöll vegna ágangs ferðamanna.

10.6 LANDGRÆÐSLA

Vegna góðs ástands gróðurfars í sýslunni hefur ekki þurft að vinna að mörgum landgræðsluverkefnum. Gróðurverndarnefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur fylgst með ástandi gróðurs í sýslunni, sérstaklega á heiðum. Átta bændur eru í samstarfi við Landgræðsluna í verkefninu „bændur græða landið“. Í verkefninu hefur fyrst og fremst falist áburðargjöf á illa gróið land. Af starfsemi Landgræðslunnar sjálfrar á svæðinu ber helst að nefna að hún hefur staðið fyrir sáningu og uppgræðslu á Sigríðarstaðasandi, sem er eina svæðið í sýslunni sem telst með jarðvegsrof á hæsta stigi.

10.7 SKÓGRÆKT

Í Vestur-Húnavatnssýslu eru engir skógar. Skógrækt í fegrunarskini fer þó fram á nokkrum stöðum víðsvegar um sýsluna. Skógrækt þessi er ýmist á vegum bænda og landeigenda, skógræktarféлага eða annarra félagasamtaka.

10.8 FRAMTÍÐARÁFORM

Á undanförunum árum og áratugum hafa litlar kröfur verið gerðar um frágang og staðsetningu urðunarstaða hér á landi. Afleiðing þessa er sú að sveitarfélög hafa gjarnan valið ódýra lausn við úrgangseyðingu. Niðurstaðan hefur orðið sú að fjöldi smárra urðunar- og brennslustaða hefur myndast, yfirleitt í næsta nágrenni við uppruna úrgangsins til þess að minnka flutningskostnað. Í kjölfar aukinnar áherslu á umhverfismál síðustu árin eru ekki einungis gerðar auknar kröfur til staðsetningu urðunarstaða heldur er þess krafist að slíkir staðir séu hannaðir til þess að mæta ákveðnum kröfum hvað varðar mengun og áhrif á umhverfi. Kostnaður við urðun mun aukast í samræmi við þetta. Töluverð umræða hefur verið um að sorphirða yrði sameiginleg fyrir alla sýsluna og þá á vegum Héraðsnefndar Vestur-Húnavatnssýslu. Aukinn stofn- og rekstrarkostnaður fullkominna urðunarstaða veldur því að hagkvæmt getur reynst að sameinast um rekstur slíkra staða, enda þótt flutningskostnaður sorps aukist. Því má telja líklegt að héraðsnefndin muni leita eftir samstarfi við nágrennasveitarfélög í kjördæminu, jafnvel í svipuðu formi og einstök sveitarfélög í sýslunni hafa gert.

Í heild má segja að aðstæður til urðunar á Norðurlandi vestra séu góðar þar sem undirlendi er mikið. Þar sem almennt er ódýrara að flytja úrgang en að fjölga förgunarstöðum hefur þróunin yfirleitt orðið sú að þeim fækkar og verða stærri en áður. Kröfur framtíðarinnar um sorphirðu eru einkum lokaðir gáma- og geymslustaðir ásamt endurbættum förgunaraðferðum.

Það þarf að kanna hvort ekki sé hægt að koma á almennri notkun á rotþróm á sveitaheimilum. Nýta mætti til dæmis sértílbóð og magnafslætti sem fengjust ef margir aðilar tækju sig saman. Betri frágangur frárennismála er umhverfismál sem nauðsynlegt er að komist í lag áður en fráveitan fer að spilla einni mikilvægustu auðlind svæðisins, laxveiðíanum.

Undanfarin ár hafa verið gerðar umfangsmiklar athuganir á vegum RALA með beit sauðfjár bæði á hálendi og láglandi víðs vegar um landið. Niðurstöður þeirra tilrauna sýna ótvírætt, að vaxtarhraði lamba er mun meiri á hálendisbeit heldur en á láglandi. Bændur koma því ekki til með að vilja sleppa beitarrétti á afréttum, sérstaklega ekki á landsvæðum eins og í Vestur-Húnavatnssýslu þar sem land er vel gróið. Með fækkun sauðfjár hefur beitarálag minnkað í sýslunni en á móti kemur að hrossaeign héraðsbúa hefur vaxið. Það er orðið nauðsynlegt að fylgjast vel með hrossahögum og afréttum og jafnvel að athuga hvort aukinn hrossaeign héraðsbúa þýði að setja verði takmarkanir á fjölda hrossa sem rekin eru á afrétti sveitarfélaganna.

Náttúruverndarráð hefur sýnt mikinn áhuga á að friðlýsa Hvítserk. Hvort af friðlýsingunni verður er samkomulagsatriði ráðsins og landeigenda. Ekki er búist við að aðrar skráðar náttúruminjar á svæðinu verði friðlýstar á næstu árum. Uppbygging aðstöðu auk umhverfis- og náttúruverndar hefur alfarið verið í höndum Ferðamálafélags V-Hún. og ferðapjónustuaðila á svæðinu. Brýnt er að hið opinbera og sveitarfélögin í Vestur-Húnavatnssýslu styðji vel við bakið á slíkum framkvæmdum, bæði faglega og fjárhagslega.

Í búvörusamningi sem gildir fram til ársins 2000, hefur bændum opnast möguleiki á að hefja störf til hagnýtrar umhverfisverndar. Bændur geta nú lagt inn greiðslumark sitt, en haldið áfram beingreiðslum, enda uppfylli þeir þau skilyrði að sett séu skýr markmið og leiðir varðandi þessi verkefni. Meðal hugsanlegra verkefna má telja skógrækt og ræktun uppblásinna svæða og mela.

Heimildir:

Sorphirða og sorpeyðing á Norðurlandi vestra, skýrsla unnin 1994 fyrir: Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, samband íslenskra sveitarfélaga og Umhverfiráðneytið.

Náttúruminjaskrá, Náttúruverndarráð

Upplýsingar frá búnaðarráðnaut Vestur-Húnavatnssýslu

Upplýsingar frá vinnuhópi um skipulag miðhálendisins

Ólafur Guðmundsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins

11 SAMGÖNGUR OG FJARSKIPTI

11.1 FLUGSAMGÖNGUR

Flugvöllur er á Króksstaðamelum í Miðfirði, en þangað er ekki áætlunarflug. Flugvöllurinn er flokkaður sem „aðrir vellir” hjá Flugmálastjórn. Flugbrautin er um 600 metra löng og 30 metra breið, sem þýðir að aðeins litlar vélar geta lent á vellinum, en hann nýtist vel fyrir sjúkraflug. Viðhald og stjórn flugvallarins er undir stjórn svæðisstjóra Flugmálastjórnar á Akureyri. Ekki hafa verið fyrirhugaðar neinar framkvæmdir við völlinn á næstu árum. Vísir að flugvelli er við Staðarskála. Stór flugvöllur er á Blönduósi en það er ekki fyrr en á Sauðárkróki sem Vestur-Húnvetningar geta komist í áætlunarflug. Vegna fjarlægða frá þessum flugvöllum og góðrar vegatengingar til Suðvesturlands er ekki ástæða fyrir Vestur-Húnvetninga að nýta sér þennan samgöngumöguleika.

11.2 HAFNIR

Hvammstangahöfn er eina höfnin á svæðinu og þykir ágæt. Inn í hana komast flest skip og bátar en höfnin er eingöngu nýtt í útgerðarskyni með þeirri undantekningu þó að reglulega koma þangað olíuskip. Dýpi í innsiglingu er 6 m en grynnski punktur á snúningssvæði er 3,9 m. Á 45 m kafla við Norðurbakka er 5-6 m dýpi en annars er dýpi innan hafnar 3 m. Í smábátahöfn er dýpi aðeins 1 m.

11.3 VEGASAMGÖNGUR

Vegasamgöngur og tenging við önnur svæði er nokkuð góð í Vestur-Húnavatnssýslu. Hringvegurinn, Norðurlandsvegur, liggur gegnum hluta sýslunnar og er honum vel við haldið og því samgöngur milli héraða og landshluta almennt í góðu lagi. Vegatenging innan sýslunnar er einnig í ágætu horfi og héraðið yfirleitt auðvelt yfirferðar. Starfsmenn Vegagerðarinnar á Hvammstanga annast eftirlit með vegum bæði í Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu en skrifstofa umdæmisstjóra er á Sauðárkróki. Vegum er almennt skipt í þrennt: Stofnvegir eru hringvegurinn og vegir sem liggja að kaupstöðum og kauptúnum. Tengivegir eru allir aðrir vegir í byggð, nema þeir sem liggja heim að bæjum, en þeir kallast safnvegir. Landsvegir eru þeir vegir sem liggja yfir fjöll og heiðar og ekki eru skilgreindir sem stofn- eða tengivegir. Eini stofnvegur svæðisins, utan hringvegarins, er Norðurbraut sem liggur frá Norðurlandsvegi til Hvammstanga. Astand tengivega svæðisins er mjög mismunandi.

Snjómokstri hefur verið þannig háttáð að Vegagerðin sér óumbeðið um mokstur á stofnvegum. Til þess að mokað sé á tengivegum, þarf viðkomandi sveitarfélag að biðja um það sérstaklega, og greiða helminginn af kostnaðinum á móti Vegagerðinni utan fyrsta og síðasta snjómoksturs hvers vetrar, en þá greiðir Vegagerðin. Þetta leiðir án efa til þess að ekki er mokað nema brýna nauðsyn beri til og mun sjaldnar en ella. Snjómoksturinn hefur ekki

verið boðinn út fram til þessa, en Vestur-Húnavatnssýsla er vanalega fremur snjólétt svæði, og er því þessi kostnaðarliður minni en víðast hvar á Norðurlandi.

11.4 ALMENNINGSAMGÖNGUR

Einu almenningssamgöngurnar til svæðisins eru með áætlunarbifreiðum. Áætlunarferðir á vegum Norðurleiðar (sérleyfi Reykjavík-Akureyri) eru daglega um Norðurlandsveg og til Hvammstanga. Áætlunarferðir Norðurleiðar eru einnig tvisvar á dag á sumrin auk kvöldferða á föstudögum og sunnudögum á veturna. Suðurleiðir (sérleyfi Reykjavík-Siglufjörður) er með daglegar áætlunarferðir frá 1. júní - 1. september. Engar almenningssamgöngur eru innan svæðisins utan þessara ferða um Norðurlandsveg.

11.5 FJARSKIPTI

Rásir útvarps og sjónvarps nást almennt sæmilega á svæðinu, þó með nokkrum undantekningum. Á nokkrum stöðum í sveitahreppunum næst Rás 2 fremur illa og jafnvel alls ekki. Einnig eru skilyrðin til að ná Rás 1 ekki allsstaðar nægilega góð. Stöð 2 næst á Hvammstanga, í hluta af Miðfirði og hluta Þverár- og Kirkjuhvammshrepps og var tengd í Staðarhrepp í desember 1995 en næst annars ekki. Bylgjan næst í hluta af sveitahreppunum frá dreifikerfi Bylgjunnar á Blönduósi. Austasti hluti svæðisins nær útsendingum Kántrýútvarpsins á Skagaströnd. Póstur og sími ehf. á Hvammstanga sér um eftirlit með endurvarpsstöðum fyrir útvarp og sjónvarp á Hvítabjarnarhól og við Víðihlíð. Lítið hefur verið gert á liðnum árum til að bæta fjarskipti.

Símstöðvar Pósts og síma ehf. í Vestur-Húnavatnssýslu eru tengdar við ljósleiðarakerfi. Með því margfaldaðist flutningsgetan og um leið gæði símasambands.

11.6 FRAMTÍÐARSÝN

Íbúar svæðisins virðast almennt ekki sakna flugsamgangna. Þó eru uppi óskir um betri flugvöll við Staðarskála og að þar verði gerður lendingarstaður fyrir þryllur þar sem slíkt sé mikilvægt öryggisatriði.

Stefnt er á endurbætur norðurkants Hvammstangahafnar en ekki eru líkur til að höfnin fari að sinna auknu hlutverki í samgöngum.

Þjóðvegur 1, Norðurlandsvegur, liggur að og í gengum hluta svæðisins. Aðgangur að svæðinu hlýtur því að teljast nokkuð góður enda er oft þung sumarumferð um Norðurlandsvegarkafli sýslunnar sem er um 60 kílómetrar. Umferðarþunginn ætti að tryggja að stofnvegum svæðisins sé vel við haldið í framtíðinni. Nokkrar ábendingar hafa komið frá sveitarstjórnarmönnum, og þá sérstaklega í Staðarhreppi, að huga þurfi betur að öryggi umferðarinnar. Þeir telja að þótt Norðurlandsvegur sé að flestu leyti góður þar sem hann liggur um svæðið séu á honum nokkrar slysigildirur sem ástæða sé til að lagfæra.

Áherslur í úrbótum á tengivegum ættu að beinast að yfirborðsefni og snjóastæði. Þær vegaförumkvæmdir sem yfirvöld vegamála telja brýnastar á svæðinu er að lagfæra tengivegin frá Norðurlandsvegi að Mýrum á Heggstaðanesi, en sá vegarkafli er orðinn gamall og er snjóþungur. Aðrar framkvæmdir sem taldar eru nauðsynlegar eru að lagfæra Vatnsnesveg og að byggja nýja brú yfir Mýrarlæk í Vesturhópi. Sveitarstjórnarmönnum í Þorkelshólshreppi og í Torfustaðahreppunum finnst að bæta þurfi veginn úr Fitjárdal yfir í Miðfjörð sem nú er aðeins sumarfar. Ef sá vegur yrði gerður að heilsársvegi myndi það geta sparað töluverðan tíma og fjármuni í skólaakstri. Hluti Fitjárdals tilheyrir Fremri-Torfustaðahrepp og þurfa íbúar þar oft að aka gegnum þrjú sveitarfélög áður en þeir komist til þess sem þeir tilheyra.

Almenningssamgöngur á landi þykja í ágætu horfi og ekki er ástæða til að ætla að þjónusta sérleyfishafanna muni minnka í framtíðinni. Sú ósk hefur komið frá Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu að Norðurleið fjölgi áætlunarferðum sínum og verði með áætlanir tvisvar á dag árið um kring. Óvíst er að Norðurleið geti orðið við þeim óskum þar sem nýting slíkra ferða yrði tæplega nægileg miðað við núverandi eftirspurn.

Það þykir ljóst að brýnt sé að bæta útsendingarskilyrði ríkisfjölmiðlanna og þá sérstaklega Rásar 2. Ekki hefur þó frést af áformum í þá vegu.

Helstu heimildir:

Upplýsingar frá Vegagerðinni á Hvammstanga

Upplýsingar frá Norðurleið

Upplýsingar frá Suðurleið

Upplýsingar frá Póst- og Síamálastofnun

12 STEFNUMÖRKUN OG ÁÆTLANIR

12.1 MANNFJÖLDI OG ATVINNULÍF

Í ljósi stöðu atvinnufyrirtækja á Hvammstanga er mikilvægt að styrkja áfram þær greinar sem eru stærstar í atvinnulífi staðarins. Þannig ber að efla fiskvinnslu og annan matvælaíðnað auk þess að slá styrkari stöðum undir rekstur textíliðnaðar og smærri iðnaðarfyrirtækja á staðnum. Aukin störf í þessum greinum munu eðlilega leiða af sér fjölgun starfa í þjónustu. Samhliða uppbyggingu á Hvammstanga ber að huga að fjölgun starfa innan þéttbýliskjarnans á Laugarbakka. Þar verði fyrst og fremst lögð áhersla á léttan iðnað til að auka fjölbreytni atvinnutækifæra þeirra sem eru búsettir þar og í næsta nágrenni. Í sveitum utan þessara þéttbýliskjarna ber að leggja áherslu á landbúnaðarstörf og byggja undir þá möguleika sem uppbygging í ferðaþjónustu getur boðið upp á.

Brýnt er að stækka atvinnusvæðið í kringum Hvammstanga þannig að bændur á svæðinu geti að hluta til stundað vinnu þar. Þetta mun draga úr sveiflum á framboði vinnuafis til árstíðabundinna starfa á Hvammstanga jafnframt því að stuðla að áframhaldandi búsetu í sveitum sýslunnar. Til stækkunar raunverulegs atvinnusvæðis er brýnt að auka snjómokstur á tengivegum þannig að fólk til sveita komist óheft til vinnu yfir vetrarmánuðina.

Til að ná fram markmiðum um aukna atvinnu og tryggingu á búsetu á svæðinu ber að halda uppi öflugum atvinnuráðgjafastarfi innan héraðsins. Með almennri atvinnuráðgjöf er hér átt við stuðning og ráðgjöf bæði á sviðum ferðamála og í öðrum atvinnugreinum. Ráðgjöfin verður áfram rekin með þátttöku Bygðastofnunnar í nánun samstarfi við sveitarstjórnarmenn á svæðinu.

12.2 LANDBÚNAÐUR

Bæta þarf ímynd bænda og stuðla að því að bændur á svæðinu fái viðurkenningu á góðum landkostum og góðri þekkingu í sínu fagi. Byggja þarf upp jákvæða ímynd almennings á bændum þannig að traust myndist milli bænda og annarra samfélagsþegna. Þannig myndaðist traust til bænda til að fara með gæði og náttúru landsins auk þess sem brýnt er að bændur geti staðið áfram sem sjálfstæð stétt í sjálfbærum atvinnurekstri.

Bændur í Vestur-Húnavatnssýslu kunna vel til verka í sauðfjárrækt, þar er húsakostur góður, landgæði næg og ástand beutilanda betra en gengur og gerist. Viðhalda ber sauðfjárrækt á svæðinu eins og mögulegt er vegna takmarkaðra möguleika á öðrum atvinnutækifærum, með tilfærslu á framleiðslu fyrir innanlandsmarkað og hugsanlegum útflutningi ef hann reynist hagkvæmur.

Brýnt er að finna nýja markaði fyrir íslenskt lambakjöt á því verði sem stendur undir breytilegum framleiðslukostnaði bænda. Í þessu skyni þarf að

vanda til markaðssetningar, vörukynningar og umbúða ásamt því að finna leiðir til lækkunar á sláturkostnaði. Einnig þarf að draga úr kostnaði vegna milliliða.

Byggð í dreifbýli er háð því að þar sé mögulegt að halda uppi öflugum landbúnaði sem skilar þeim sem hann stunda viðunandi lífsviðurværi. Samdráttur í framleiðslu og sölu á afurðum hinna hefðbundnu búgreina hefur gert það að verkum að þær skila alls ekki þeim rekstrartekjum sem þarf. Þess vegna verður að leita nýrra leiða til að efla þessar búgreinar á nýjan leik. Þetta virðist best gert með því að nýta til fullnustu alla þá möguleika sem til staðar eru og þróa framleiðsluna með tilliti til mögulegra markaða. Einnig ber að kanna möguleika á nýjungum, en varlega ber að fara í fjárfestingar þar að lútandi, því að slík uppbygging gæti orðið dýr og aukið enn á vanda bændanna. Þá er og mikilvægt að vinna að uppbyggingu í öðrum greinum sem tengjast úrvinnslu á afurðum bænda sem næst frumframleiðslunni, því eðlilegt er að sú þjónustustarfsemi sem landbúnaði tengist sé í sem nánustum tengslum við umhverfi sitt.

Gera þarf athuganir á möguleikum bænda til að stunda lífrænan landbúnað. Í þessu skyni þarf að kanna gaumgæfilega hvort hærra verðlag lífrænt ræktaðra afurða standi undir þeim kostnaðarauka sem bændur verða fyrir vegna breyttra skilyrða á jörðum sínum.

Varðandi nýja möguleika er brýnt að ráðgjafarþjónusta bænda geri könnun á arðsemi óhefðbundinnar fuglaræktunnar, svo sem framleiðslu á anda- og rjúpnakjöti. Í þessu samhengi ber einnig að kanna möguleika starfandi sláturhúsa á að koma upp sérstakri aðstöðu til fuglaslátrunar.

Brýnt er að rannsóknarstofnanir bænda yfirfæri þá þekkingu sem náðst hefur í rannsóknarstarfi á möguleikum bleikjueldis til sveita í Vestur-Húnavatnssýslu. Staðsetningu rannsóknarstöðvarinnar á Hólum í Hjaltadal í kjördæminu auðveldar stuðning til við þá aðila sem vilja kanna kosti bleikjueldis á svæðinu með hugsanlega framleiðslu í huga. Í þessu skyni verður Landbúnaðarráðneytið að tryggja aðgang að þeim upplýsingum og rannsóknarverðmætum sem myndast hafa innan stofnanna ráðneytisins á þessu sviði.

Ljóst er að atvinnuöryggi í hefðbundnum starfsgreinum sem og nýjum, verður aðeins tryggt með aukinni áherslu á þarfir og þróun markaðarins. Við uppbyggingu nýrra starfa er nærtækast að líta til sérstöðu svæðisins og sérstakrar kunnáttu sem er til staðar, og leggja mikinn þunga á rannsóknir og þróunarstarf.

12.3 SJÁVARÚTVEGUR

Efling útgerðar og fiskvinnslu er tvímælaust veigamikil aðtriði þegar horft er til atvinnuuppbyggingar í Vestur-Húnavatnssýslu. Mikil hefð er fyrir bátaútgerð frá Hvammstanga og allar aðstæður eru með þeim hætti að efling bátaútgerðar er einn af þeim þáttum sem verður að leggja áherslu á í atvinnuþróun svæðisins. Á Húnaflóa verða vafalítið áframhaldandi rækju- og skelfisksmið í framtíðinni. Auk þess kann að verða mögulegt að nýta ígulker og fleiri stofna sem hagkvæmt er að veiða á minni bátum. Næstu ár

munu trúlega einkennast af baráttu um kvóta og hráefni til landvinnslu, sérstaklega á smærri þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni. Það þarf að vinna að því að markaðssetja Hvammstanga og höfnina sem ákjósanlegan stað til að stunda bátaútgerð og til að leggja upp afla. Hvammstangahöfn er þannig landfræðilega staðsett, að stutt er að aka með afla til og frá fiskmörkuðum og auðvelt er að nálgast aðföng og mannskap til útgerðanna.

Opinberri fjárfestingu sem tengist sjávarútvegi þarf fyrst og fremst að beinast að úrbótum á hafnarmannvirkjum þannig að Hvammstangahöfn geti verið meginforsenda þeirra markmiða sem heimamenn hafa sett um eflingu bátaútgerðar.

12.4 IÐNAÐUR

Í sambandi við eflingu iðnaðar á svæðinu ber fyrst og fremst að horfa til frekari eflingar á þeim iðnfyrirtækjum, sem til staðar eru. Einnig ber að stuðla að fjölgun smárra iðnfyrirtækja með nýja framleiðslu. Jafnframt er vænlegt, á svæðum eins og Vestur-Húnavatnssýslu, að leggja áherslu á iðnfyrirtæki sem nýta hráefni og afurðir sem til falla á svæðinu.

Ljóst er að uppbygging smærri iðnfyrirtækja verður aðallega á þéttbýlisstöðunum Hvammstanga og Laugarbakka. Í þessu sambandi ber að hafa að leiðarljósi að uppfylla þarfir nýs iðnaðar til húsnæðis á þessum stöðum.

Efla ber samvinnu iðnfyrirtækja á Hvammstanga, sem myndi geta stuðlað að aukinni vöruþróun, nýsköpun og hagræðingu í vöruflutningum og markaðssetningu.

Á þessu stigi er óraunhæft að horfa til uppbyggingu iðnfyrirtækja í dreifðari byggðum sýslunnar. Stuðla ber þó að áframhaldandi stuðningi við ýmis konar handverk og heimilisiðnað sem starfræktur er þar.

12.5 EINKAREKIN ÞJÓNUSTA

Stuðla ber að könnun á möguleikum á uppbyggingu þjónustu við umlestun flutningabíla við Staðarskála.

Kanna ber þörf fyrir lögfræðiþjónustu á Hvammstanga.

Stuðla ber að aukinni þjónustu á helstu áningarstöðum ferðamanna.

Ein af áherslum í byggðamálum hlýtur ávallt að vera sú að veita íbúum innan ákveðinna þjónustusvæða möguleika á að sækja sömu þjónustu og almennt gerist á stærri þéttbýlisstöðum. Í einkarekinni þjónustu verður slíkt þó ekki gert með ákvæðum ríkisvaldsins heldur með því að tryggja þjónustuaðilum sem jafnasta samkeppnisaðstöðu og rekstrarumhverfi.

12.6 FERÐAÞJÓNUSTA

Það yrði ferðaþjónusta í sýslunni til framdráttar ef hægt yrði að hafa þar ferðamálafulltrúa. Slíkt gæti orðið í samvinnu Hagfélagsins ehf. og Ferða-

málafélags V-Húnavatnssýslu þar sem bæði félögin vinna að framgangi atvinnu- og menning-armála á svæðinu. Fjárhagslegur stuðningur hins opinbera, annarra en sveitarfélaga á svæðinu, við þessi tvö félög hefur verið takmarkaður. Brýnt er að auknar áherslur í stuðningi ríkisvaldsins til atvinnu- og ferðamála skili sér í sýslunni. Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra mun í vaxandi mæli sinna ráðgjöf í ferðamálum á svæðinu.

Ferðamálafeðlag sýslunnar og hagsmunaaðilar í ferðapjónustu þurfa að skapa svæðinu einhverja sérstöðu eins og reynt hefur verið á undanförunum árum. Svæðið hefur marga kosti til frekari uppbyggingar afþreyingar og útivistar sem nýta ber í enn frekara mæli. Heillavænast virðist að hlúa að afþreyingarþættinum og byggja á sögunni til að skapa sér sérstöðu á ferðamannamarkaðinum og vekja athygli innlenda jafnt sem erlenda markaðarins. Vinna þarf að sérstakri stefnumótun fyrir ferðapjónustu svæðisins sem fulltrúar allra hagsmunaaðila kæmu að. Slík stefnumótun myndi skilgreina m.a. hvernig vinna ber að uppbyggingu og markaðssetningu á silungsveiði svæðisins, hvar á svæðinu beri að styrkja framboð á tjaldgistingu, hvernig betur sé hægt að nýta árvissa viðburði svo sem göngur og réttir til eflingar ferðapjónustu og lengingu ferðamannatímans. Saga svæðisins er um margt mjög merkileg og nauðsynlegt að beina athygli fjölmiðla og ferðaskrifstofa enn meir að þeim þætti. Staðsetningu sýslunnar við krossgötur norðurs, suðurs og vesturs ber að nýta til fullnustu. Samvinna er lykilorðið í stefnumörkuninni og að sátt verði um áherslur og leiðir að markmiðum.

12.7 OPINBER ÞJÓNUSTA

Við yfirfærslu á rekstri grunnskóla til sveitarfélaga verður brýnt að sveitarfélög efli samstarf sín á milli til að leita hagkvæmari leiða í sameiningu skóla og í rekstri skólabifreiða og ef til vill heimavistunnar. Samanburður á kostnaði við skólaakstur og kostnaði við heimavistun eða dreifingu á skólaselum þarf að fara fram í Vestur-Húnavatnssýslu. Þar ber að taka tillit til aldurs og ferðaálags nemenda þar sem lausnir í þeim efnun geta verið mismunandi eftir aldursstigum grunnskólanemenda. Við lausn þessara mála verður ávallt að hafa að markmiði gæði menntunnar, hagkvæmni í rekstri og velferð barna. Ríka áherslu ber að leggja á að ný stefna í málefnum grunnskóla verði ekki mótuð af sérhagsmunum einstakra sveitarfélaga heldur verði í þágu svæðisins í heild.

Í tengslum við rekstur dagheimila og leikskóla á svæðinu ber að kanna í hve miklum mæli rekstur slíkra stofnanna hafi áhrif á stærð atvinnusvæða eða möguleika fólks almennt til að stunda vinnu utan heimilis.

Stuðla ber að áframhaldandi öflugum rekstri heilsugæslustöðvar á Hvammstanga til öryggis og hagsbóta fyrir íbúa svæðisins og ferðamanna um þjóðveginn. Rekstur sjúkrahússins á Hvammstanga ber að skoða í ljósi hagræðingarkröfu ríkisvaldsins í heilbrigðismálum. Markmiðið verður þó ætíð að tryggja áframhaldandi góða þjónustu fyrir neytendur.

Í orkumálum er nauðsynlegt að endurskoða núverandi dreifingarkerfi með tilliti til hlutverka Rafmagnsveita ríkisins og Landsvirkjunar og hagræðingar í orkusölu til lækkunar orkuverðs. Einnig er brýnt að gera nákvæma úttekt á

kostum hitaveitu til húshitunar samanborið við raforku með tilliti til stofn- og rekstrarkostnaðar, viðhalds og endingar.

12.8 UMHVERFISMÁL

Mælt er með að gert verði svæðisskipulag fyrir Vestur-Húnavatnssýslu. Með gerð hennar verði tekið á flestum þáttum landnýtingar og umhverfismála. Brýnt er að svæðisskipulag í einstaka sýslum nái einnig til afrétta og hálendis og samræmist gerð svæðisskipulags fyrir miðhálandi Íslands.

Aðkallandi er að taka sem fyrst á vandamálum í sorphirðu, sérstaklega í tengslum við söfnun og urðun sorps. Stefna ber að sameiginlegri stjórn Héraðsnefndar Vestur-Húnavatnssýslu á sorphirðu og urðun á svæðinu. Frárennslismálum þarf að koma í lag, sérstaklega á þéttbýlli stöðum svo sem á Laugarbakka. Brýnt er að uppfylltar verði kröfur og skilyrði sem sett eru fram í mengunarvarnarreglugerðum um þessa málaflokka.

Stuðla ber að náinni samvinnu milli heimamanna og opinberra stofnanna í gróðurverndar- og landnýtingarmálum. Varast ber að nýting beitarhaga gangi of nærri gróðri landsins og að landgræðslan í samráði við bændasamtök geti á markvissan hátt komið í veg fyrir ofbeit á heimahögum og afréttum.

Stuðla ber að áframhaldandi bætingu aðstöðu við náttúruvætti og styrkja fyrirbyggjandi aðgerðir til að átroðningur ferðamanna spilli ekki náttúru landsins. Almenn tætti að gilda sú regla að umsjón með náttúruvættum og svæðum þar í kring væri í höndum heimamanna en í samráði við Náttúruverndarráð og með fjárhagslegum stuðningi frá hinu opinbera.

Styrkja ber skógrækt í fegrúnarskini á afmörkuðum svæðum í sýslunni. Einnig skal hvetja bændur á svæðinu til að nýta sér þá möguleika sem nýji búvörusamningurinn gefur til að stunda hagnýtta umhverfisvernd.

12.9 SAMGÖNGUR

Stefna beri að breytingu á reglugerðum sem varða snjómokstur á þjóðvegum þannig að snjómokstur verði tryggður virka daga árið um kring. Með því getur byggð haldist í strábýlli sveitarfélögum. Til að létta kostnað við snjómokstur þarf að leggja áherslu á endurbætur á vegaköflum við þunga snjóastaði. Sérstaklega á þetta við á Vatnsnesvegi, í Vesturhópi og á vegar-kafla frá þjóðvegi að Mýrum á Heggstaðanesi. Þessar framkvæmdir eru í fullu samræmi við stefnumörkun í Byggðamálum frá 1994.

Kanna ber arðsemi af þeirri framkvæmd að byggja upp veginn milli Fitjárdals og Miðfjarðar með tilliti til sparnaðar í skólaakstri.

Vegna umferðarþunga um Norðurlandsveg ber að stefna að lagfæringum á slysaöldrum vegarins. Í þessu sambandi ber að leggja ríka áherslu á að breikka brýrnar yfir Síká, Viðidalsá, og Gljúfurá.

Fyrir svæði eins og Vestur-Húnavatnssýslu er mikilvægt að viðhalda stöðugum endurbótum og góðri þjónustu á þjóðvegi nr. 1 frá Reykjavík, því

miðað við staðsetningu svæðisins og komandi samgöngubóta um Hvalfjörð er ljóst að vægi flug- og hafnarsamgangna fer stöðugt minnkandi.

Skilyrði til að nema útsendingar Ríkisútvarpsins-Sjónvarps eru afar mismunandi innan svæðisins. Tryggjar útsendingar fjölmiðla er ein af sjálf-sögðum lánmarkskröfum sem gerðar eru til nútíma samfélags. Ríkisútvarpinu og Sjónvarpinu ber því að stuðla að jöfnun á möguleikum íbúa svæðisins til að njóta þeirrar þjónustu.